

Synnøve Veinan Hellerud / Ketil Knutsen

FRELSI OG VELFERÐ

KENNSLULEIÐBEININGAR

Saga 20. aldar II



MENNTAMÁLASTOFNUN 2020

Frelsi og velferð

© 2007 H. Aschehaug & Co (W. Nygaard). Heiti á frummálinu: Matriks 10 Historie.
Samfundsfag for ungdomstrinnet

© 2012 íslensk þýðing og staðfæring: Birna Björnsdóttir
2020 aukið og endurbætt, Birna Björnsdóttir og Hilmar Þór Sigurjónsson
Ritstjóri íslensku útgáfunnar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir
Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Yfirlestur: Gunnar Karlsson, sagnfræðingur.

1. útgáfa 2012
2. útgáfa 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

07123

Ágæti kennari

Á þessum síðum er að finna kennsluleiðbeiningar, hugmyndir, verkefni og lausnir á verkefnum í tengslum við námsbókina *Frelsi og velferð*. Fjöldi verkefna fylgir leiðbeiningunum og er því hægt að velja verkefni eftir áhugasviði og getu nemendahóps hverju sinni. Hverjum kennara er í sjálfsvald sett hvernig hann notar þessar hugmyndir og verkefni.

Um námsefnið

Bókin *Frelsi og velferð* spannar sögu heimsins frá 1945 og fram til nútímans. Í bókinni er hverjum aðal-kafla skipt í a- og b- hluta. Í a-hluta er farið yfir aðalefni kaflans. Efninu er komið á framfæri með stuttum textum og fjölda mynda og þannig reynt að koma til móts við sem flesta nemendur. Í b-hluta er farið dýpra í sama efni. Ætlast er til að allir nemendur lesi báða hlutana en þó verður að gera ráð fyrir að sumir komist aldrei lengra en í gegnum a-hlutann. En það kemur ekki að sök við áframhaldandi verkefnavinnu þar sem grunnatriði kaflans eru tekin fyrir í a-hluta. Í bæði a- og b-hluta er fjöldi verkefna og er nauðsynlegt að velja sem fjölbreyttust verkefni fyrir nemendur og þannig reyna á mismunandi hæfni þeirra. Markmiðið með fjölbreyttum verkefnum í bókinni og kennsluleiðbeiningum er að þjálfa mismunandi hæfni nemenda út frá þeim hæfnivíðmiðum sem unnið er með hverju sinni.

Að raungera efnið og staðleysusagnfræði (hvað ef?)

Námsefnið leggur áherslu á að tengja efnið við daglegt líf nemandans og draga fram hliðstæður við samfélagið í dag. Það er gert með sérstökum verkefnum og einnig með því að láta nemendur skoða myndir. Markmiðið er að nemendur velti því fyrir sér að saga er ekki bara eitthvað sem gerðist í fortíðinni. Sagan er allt í kringum okkur og á þátt í að móta samfélagið í dag. Hér er það kallað *að raungera efnið*. Verkefni 27 á bls. 90 er gott dæmi um þetta: *Hvernig er hægt að nota söguna til að leysa deiluna milli Bandaríkjanna og ríkja Mið-Austurlanda?*

Staðleysusagnfræði (hvað ef?). Að velta því fyrir sér hvernig samfélagið hefði geta orðið hefðu ákveðnir atburðir þróast á annan hátt, kallar á að við hugsum „út fyrir rammann“, gefum hugsunum okkar lausan tauminn. Í námsbókinni eru verkefni sem hvetja nemendur til þannig hugsunar t.d. verkefni 6 á bls.18: *Hvað haldið þið að hefði gerst ef Bandaríkin og Sovétríkin hefðu ekki átt kjarnorkuvopn? Hefði skolið á ný heimstyrjöld?*

Hver er tilgangurinn með að setja fram þannig spurningu? Að reyna að ímynda sér hvað hefði geta gerst en gerðist ekki – það getur verið hluti af leik. En það er meira. Staðleysusagnfræði er heppileg til að gefa okkur innsýn í hvað er saga. Hún hentar vel til að leggja áherslu á að sagan var og er full af möguleikum. Flestir þessara möguleika urðu aldrei að veruleika. Það snýst um fyrirætlanir og verkefni sem mistókust. Það snýst einnig um möguleikana sem hefðu getað legið í þessum einstöku sögulegu aðstæðum, án þess að gerendur væru meðvitaðir um möguleikana. En þó að möguleikarnir hafi aldrei orðið að raunveruleika, geta þeir af mörgum ástæður verið þess virði að velta þeim fyrir sér.

Ein af ástæðunum er að á þennan hátt getum við lært meira af sögunni. Við getum lært meira um einstaka sögulega atburði og einnig getum við betur séð hvaða þættir eru afgerandi þegar sagan þróast í ákveðna átt. Með öðrum orðum: við getum betur skilið hvað er mikilvægt í sögunni. Við lærum einnig meira um okkur sjálf og okkar eigin tíma. Staðleysusagnfræði gefur okkur tækifæri til að velta fyrir okkur hvers vegna og hvernig við urðum að því sem við erum. Þessi vinna gefur okkur tækifæri á að vera meðvitaðri um möguleikana sem liggja í nútíð og framtíð.

Verkefnablöðin

Mörg verkefnanna reyna á samvinnu nemenda og er hópa- og paravinna stór hluti af þeim. Hér á eftir koma þrenns konar verkefnablöð sem notuð eru eftir þörfum við vinnu með námsefnið. Nánar er getið í kennsluleiðbeiningum hvenær hentar að nota verkefnablöðin.

Vinna með sögulegar heimildir (verkefnablað 1)

Í hverjum kafla í námsbókinni eru margar mismunandi sögulegar heimildir og verkefni þar sem nemendur eiga að lesa, túlka og meta heimildir. Markmiðið er að þeir þjálfist í að leita, vinna með og flokka heimildir. Þeir þurfa að meta þær á gagnrýninn hátt og draga fram hvernig mismunandi heimildir geta gefið okkur ólíka sýn á söguna. Verkefnin eru aðgreind í ramma með fyrirsögninni: „Sérsvið“. Einnig eru nokkur stærri verkefni í bókinni sem þjálfar nemendur í að vinna með heimildir, til dæmis verkefni um Kúbudeiluna á bls. 33–34 og um sögunámsbækur í Ísrael og Palestínu bls. 84.


Að setja sig í spor annarra (verkefnablað 2)

Markmiðið er að nemendur geti samið frásögn um persónu í fortíðinni og þannig sýnt fram á hvernig samfélagslegir rammar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gjörðir persónunnar. Í námsefninu er fjöldi verkefna sem þjálfar þessa færni. Verkefnin byrja gjarnan með „hugsaðu þér að þú sért ...“ til dæmis verkefni 46 á bls. 44. „Hugsið ykkur að þið væruð í fríi í Berlín í nóvember 1989 og yrðuð vitni að því þegar Berlínarmúrinn féll. Skriðið bréf heim og segið frá því sem þið upplifðuð.“

Munnlegar heimildir (verkefnablað 3)

Besta aðferðin til að æfa nemendur í því að meta og leita að heimildum er að láta þá sjálfa gera sagnfræðilega rannsókn. Því þurfa nemendur stundum að leita heimilda út fyrir námsbókina. Hægt er að nota munnlegar heimildir í afmörkuðum verkefnum. Námsbókin fjallar um tímabil þar sem auðvelt er að finna viðmælendur sem hafa upplifað eitthvað af þeim atburðum sem verið er að fjalla um. Þannig fá nemendur tækifæri á að taka viðtöl við fólk og geta æft sig í að meta þær heimildir á gagnrýnin hátt. *Verkefnablað 3* hjálpa nemendum við þessa vinnu. Góðar upplýsingar um munnlega sögu er einnig að finna á vef Miðstöðvar um munnlega sögu www.munnlegsaga.is

Greining heimilda



Hvernig á að leysa „Hugsaðu þér verkefni ...“

Að lifa sig inn í fortíðina

Til að geta skilið gjörðir fólks fyrr á tímum þurfum við að reyna að lifa okkur inn í aðstæður þess. Í námsefninu finnur þú mörg verkefni sem ganga út á að láta sem þú sért önnur manneskja en þú ert sjálf(ur). Ágætt dæmi er fyrrnefnt verkefni um það ef þú hefur orðið vitni að falli Berlínarmúrsins 1989.

Hvernig á að leysa þannig verkefni? Hér eru nokkur ráð.

- Þegar þú leysir verkefni þar sem þú átt að setja þig í spor annarra ferð þú í ákveðið hlutverk. Þú verður að muna að þú ert ekki að skrifa sem þú sjálf(ur), heldur sem önnur persóna sem lifir í fortíðinni.
- Sá sem les texta þinn á að geta skilið nokkurn veginn hvenær og hvar textinn á að vera skrifaður og hvaða manneskja það er sem skrifar hann. Þetta þýðir að þú verður að nefna hluti sem eru dæmigerðir fyrir þann tíma sem þú ert að skrifa um.
- Mundu að þú getur ekki séð inn í framtíðina. Ef þú skrifar bréf árið 1961, getur þú ekki nefnt Kúbudeiluna eða um fall Berlínarmúrsins.
- Gott svar er sannsögulegt – það er að segja að það líkist því sem einhver gæti hafa skrifað á því tímabili.
- Gott svar passar við það sem við vitum að raunverulega gerðist. Sem þýðir að það sem þú skrifar um sögulega atburði og sögulegar persónur getur verið rétt.

Þegar þú átt að meta þín eigin svör eða annarra í verkefnum getur þú notað þessi viðmið:

- Að hvaða leyti er auðvelt að skilja hvenær og hvar þetta á að vera skrifað?
- Að hvaða leyti heldur textinn sig við þann tíma sem hann á að vera skrifaður á?
- Að hvaða leyti virkar textinn sannsögulegur?
- Passa upplýsingarnar í textanum við það sem við vitum að raunverulega gerðist?

Að nota munnlegar heimildir

Efni bókarinnar býður upp á möguleika að taka viðtöl við fólk sem hefur upplifað eitthvað af því efni sem námsbókin fjallar um.

Hér eru nokkur ráð sem þú þarft að hafa í huga þegar þú ætlar að taka og nota viðtal sem heimild.

Fyrir viðtalið: undirbúðu þig vel!

- Settu þig vel inn í efnið sem þú ætlar að spyrja viðmælandann um.
- Skrifaðu niður nokkrar spurningar sem þú ætlar að spyrja.
- Ákveddu þig hvort þú ætlar að skrifa viðtalið niður eða taka það upp.

Í viðtalinu: vertu sveigjanleg(ur)!

- Leyfðu viðmælandanum að tala óhindrað, ekki trufla samtalið.
- Vertu opin(n) fyrir því að spyrja annarra spurninga en þú hafðir ætlað þér í upphafi, ef fram koma aðrar áhugaverðar upplýsingar.
- Fylgdu spurningunum eftir til dæmis með því að spyrja: „Hvað áttu við með því?“ „Getur þú útskýrt þetta nánar?“ „Hvernig upplifðir þú það?“
- Sýndu virðingu! Ekki þvinga fólk til að tala um hluti sem það vill ekki tala um.
- Mundu að þakka fyrir að hafa fengið að tala við viðmælandann.

Eftir viðtalið: vertu gagnrýnin(n)!

- Skrifaðu upp viðtalið eins fljótt og hægt er, á meðan þú manst það vel. Þar þarf að koma fram hvern þú talaðir við og hvenær og hvað var sagt.
- Mundu að upplýsingarnar sem þú fékkst, má meta á gagnrýnan hátt eins og allar aðrar heimildir. Hvaða nýjar upplýsingar fékkst þú? Er hægt að treysta því sem viðmælandinn sagði? Hvað eru staðreyndir og hvað er túlkun á hans eða hennar skoðunum? Hvernig samrýmast þessar upplýsingar þeim upplýsingum sem koma fram í námsbókinni eða öðrum heimildum?

FRIDUR Á JÖRÐ

BLS. 4–9

Inngangskaflinn gefur nemendum yfirsýn yfir hvernig ástandið var í heiminum eftir lok síðari heimsstyrjaldar 1945, með áherslu á efni sem betur er fjallað um seinna í bókinni. Hnattvæðing er kynnt sem hugtak og efni sem tengist því.

Kveikja

Láttu nemendur rifja upp hvað þeir muna um seinni heimstyrjöldina. Talið um hver varð niðurstaða stríðsins og hvaða verkefni alþjóðarsamfélagið þurfti að leysa eftir stríðið.

Mikilvæg hugtök

Hnattvæðing er rauði þráðurinn í gegnum námsbókina. Notaðu tíma til að fjalla um hvað liggur að baki hugtakinu. Tengdu hnattvæðingu við áþreifanlega hluti eins og fötin sem við klæðumst, hvar eru þau framleidd? Einnig er hægt að ræða um að fólk ferðast meira og flyst til Íslands frá öðrum heims hlutum.

Vinna með heimildir

Verkefni 7 byggist á að túlka innihald útdráttar úr sáttmála Sameinuðu þjóðanna á bls. 6 í námsbókinni. Hægt er að vinna frekar með efnið með því að ræða um hvað þessi heimild segir um ástandið í heiminum árið 1945. Hvers vegna var nauðsynlegt að leggja áherslu á að mannréttindi ættu að gilda „án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða?“

Notaðu líka tíma til að tala um myndina á bls. 4. Hvað segir sú mynd um ástandið 1945? Hvaða kostir og gallar hefur ljósmynd sem heimild í samanburði við texta?

Að setja sig í spor annarra

Ljósmyndin á bls. 4 getur einnig verið kveikja að verkefni þar sem nemendur þurfa að setja sig í spor annarra. „Hugsaðu þér að þú hafir átt heima í einu af húsunum á myndinni. Þú yfirgafst borgina á meðan hún varð fyrir sprengjuárás. Nú ert þú komin(n) aftur. Þú ert að hugsa um það sem hefur gerst og um framtíðina. Skrifaðu dagbókarbrot.“

Verkmappa

Verkefni 6 og 7 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

KALDA STRÍÐIÐ

BLS. 12–45

Markmið

- Kynna kalda stríðið sem meiri háttar milliríkjadeilu á 20. öld. Fjalla um orsakir og afleiðingar deilunnar.
- Leita heimilda um efnið, velja úr þeim, meta þær og sýna hvernig ólíkar heimildir geta gefið ólíka mynd af sögunni.

BANDARÍKIN GEGN SOVÉTRÍKJUNUM BLS. 12–19

Kveikja 1

Í inngangi kaflans er sagt frá myndinni „*Duck and Cover*“ frá 1951. Þetta er 9 mínútna löng upplýsingamynd um hvernig eigi að verjast kjarnorkuvopnaárás og er hægt að nálgast hana á *YouTube*. Hún hentar vel sem kynning á efni kaflans. Hún er skemmtileg og gefur í leiðinni raunverulega mynd af hræðslunni við kjarnorkustríð á þessum tíma. Einnig er hægt að nota hana sem sögulega heimild og greina hana með því að nota verkefnablað 1.

Kveikja 2

Einnig er hægt að slökkva ljósin í stofunni og kveikja á hljóðbroti af almannavörnum og segja nemendum að fara undir borð og halda um höfuð sitt. Með þessu er skemmtileg og eftirminnileg kveikja á *duck and cover* sem að nemendur muna vel eftir.

Mikilvæg hugtök

Kalda stríðið, ógnarjafnvægi, pólitískur flóttamaður, kommúnismi, frjálshyggja, lýðræði, einræði, markaðshagkerfi, áætlunarbúskapur, kapítalismi. Verkefni 1, 3, 5 og 9 henta vel til að æfa þessi hugtök. Notið líka tíma í að rifja upp tengt efni úr bókinni *Styrjöld og kreppa*. Hægt er að nota verkefnablað 8 til að leysa verkefni 9.

Að raungera efnið

Ímyndir af óvininum henta vel til að tengja efnið samtímanum. Meðan á kalda stríðinu stóð var fólk á Vesturlöndum yfirleitt nokkuð klárt á því að Sovétríkin væru óvinurinn. Ræðið við nemendur: hver væri óvinurinn í dag?

Hræðslan við kjarnorkustríð er einnig mikilvægt efni. Nærmyndin á bls. 16 lýsir því að hræðslan við kjarnorkustríð er ennþá til staðar þó svo að kalda stríðinu sé lokið. Verkefni 7 byggir á að ræða um hvað börn og unglingar hræðast mest í dag.

Kennsluábendingar

Það er mikið til af tónlist sem miðlar ólíkum hliðum á kalda stríðinu og getur vel nýst í kennslunni til dæmis:

- Sting: *Russians* (1985) – sýnir hræðsluna við kjarnorkustríð og þá fáránlegu óvinarímynd sem var ríkjandi á þessum tíma með því að benda á að Rússar eru fólk sem elskar börnin sín. „I hope the Russians love their children too.“
- Nik Kershaw: *I won't let the sun go down on me* (1983) – fjallar líka um hræðsluna við kjarnorkustríð.

Verkmappa

Verkefni 9, 11 og 14 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

HVERS VEGNA KOM KALT STRÍÐ – BLS. 20–28

Mikilvæg hugtök

Járntjaldið, Marshall-aðstoðin og Truman-kenningin. Verkefni 16, 19 og 20 henta vel til að æfa þessi hugtök.

Að raungera efni

Hér hentar vel að bera saman hlutverk Bandaríkjanna á tímum kalda stríðsins og hlutverk þeirra í dag. Verkefni 24 kemur inn á þetta efni.

Að setja sig í spor annarra og hugmyndafræðin

Í Verkefni 27 eiga nemendur að setja sig í spor annarra og einnig reynir á að nota hugmyndafræðina. Þeir eiga að velja hugmyndafræðilegt sjónarhorn og reyna að setja fram sögulegan „atburð“ (Marshall-aðstoðina) út frá því sjónarhorni. Það er gott að láta nemendur vinna heimildaverkefni 28 áður en það fjallar um sama efni.

Kennsluáðendingar

Nemendur geta unnið verkefni 25 sem hópverkefni. Það fjallar um orsakir kalda stríðsins. Þeir geta leyst verkefni með því að útbúa veggspjald með myndum sem sýna þá atburði sem eru nefndir. Sérsviðsverkefnið á bls. 25 og 26 fjallar um orsök kalda stríðsins. Hér þurfa nemendur að meta ólíkar skýringar. Þetta verkefni er einnig hentugt sem hópverkefni.

Verkmappa

Verkefni 27, 28 og 29 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

ALHEIMSDEILAN BLS. 29–36

Mikilvæg hugtök

Dómínó-kenningin, en hún er sýnd með teikningu á bls. 30. Verkefni 32 hentar vel til að vinna með hugtakið.

Vinna með heimildir

Sérsviðsverkefnið um Kúbudeiluna á bls. 33 og 34 gefur nemendum tilefni til að kafa dýpra í efnið og ræða frekar um vandamál við túlkun heimilda. Þeir eru hvattir til að meta ólíkar heimildir sem eru í andstöðu hver við aðra og draga fram sannleiksgildi þeirra ásamt því að meta gildi heimilda út frá tilgangi og heimildategund (*verkefnablað 1*). Hægt er að ljúka vinnunni með því að láta nemendur skrifa sína eigin lýsingu á „Kúbudeilunni“.

Að raungera efnið

Stríðinu í Írak hefur oft verið líkt við Vietnamstríðið og það getur verið áhugavert að láta nemendur velta fyrir sér hvað er líkt og ólíkt með þessum tveimur stríðum.

Kennsluáðendingar

Í verkefni 36 eiga nemendur að skoða jákvæðar og neikvæðar hliðar á stjórn Maos. Hægt er að nálgast grein á Wikipedia (2012) um Mao þar sem er að finna upplýsingar um stjórn hans. Þar er einnig net-svæði (á ensku) þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um bandaríska hermenn sem dóu í Vítíam-stríðinu, skoðið www.vvmf.org. Nemendur geta fengið það verkefni að velja sér einn hermenn og skrifa niður upplýsingar um hann. Með þær í höndunum geta þeir:

- Skrifað síðasta bréf hermannsins heim
- Kynnt sig munnlega sem þessi hermaður, segja nafn og aldur og segja frá væntingum sínum og von um framtíðina.

Nemendur gætu jafnvel gert þetta á ensku sem þverfaglegt verkefni í samstarfi við enskukennarann.

Verkmappa

Verkefni 36, 38 og 39 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

ENDALOK KALDA STRÍÐSINS BLS. 37–45

Mikilvæg hugtök

Í þessum hluta er glasnost (hreinskilni) aðalhugtakið. Bæði verkefni 41 og 50 eru góð til að vinna með hugtakið. Til dæmis fjallar verkefni 50 um brandara sem Gorbatsjov sagði um sjálfan sig í bandarísku sjónvarpi.

Vinna með heimildir

Í verkefni 48 eiga nemendur að taka viðtal við einhvern sem upplifði kalda stríðið. Kynnið fyrir nemendum *verkefnablað 3* (munnlegar heimildir) áður og ræðið um vinnu þeirra eftir að þeir hafa tekið viðtalið. Ef til vill geta nemendur gert sameiginlega skýrslu eða ítarlega samantekt um það hvernig fólk upplifði kalda stríðið.

Í verkefnum 49–51 eiga nemendur að lesa og túlka heimildir í námsbókinni, tvo brandara og einn útdrátt um sameiningu Þýskalands.

Að raungera efnið

Hvernig er ástandið í fyrirverandi sovétlýðveldum í dag? Í verkefni 47 eiga nemendur að finna upplýsingar um eitt af fyrirverandi sovétlýðveldum og skoða hvernig staðan er í dag.

Að setja sig í spor annarra

Í verkefni 46 eiga nemendur að setja sig í spor annarra. Kynnið fyrir þeim *verkefnablað 2* (Hvernig á að leysa ...) áður en þeir vinna verkefnið. Á eftir geta nemendur komið saman í litlum hópum, lesið texta sinn upphátt og metið vinnu hver annars út frá leiðbeiningum um mat á verkefnablaðinu.

Kennsluábendingar

Sérsviðsverkefnið á bls. 43 er einnig hægt að leysa með því að nota *verkefnablað 8*.

Verkmappa

Verkefni 46, 48, 51 og 52 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Verkefnablöð

Mun Ivan flýja til Vesturlanda?

Verkefnablað 4 a og b

Hentar vel sem hópverkefni. Skiptið nemendum í 3–4 manna hópa. Þeir eiga að leika að þeir vinni fyrir KGB og meta áhættuna á því að tónlistamaðurinn Ivan muni flýja, fái hann leyfi til að fara í tónleikaferðalag til Vestur-Evrópu. Þeir fá safn af spjöldum sem innihalda mismunandi upplýsingar um Ivan og sambönd hans í Sovétríkjunum. Þeir eiga að flokka upplýsingarnar og ræða um hvort þeir haldi að Ivan muni flýja eða ekki. Verkefnið þjálfar nemendur í að meta tengdar upplýsingar og sýna að sagan ákveður ekki örlög manna en getur haft áhrif á val þeirra. Í leiðinni fá þeir innsýn í sambúðina milli Sovétríkjanna og Vesturlanda á tímum kalda stríðsins.

Hægt er að ljúka verkefninu með því að nemendur skrifa skýrslu þar sem þeir draga saman niðurstöðurnar og rökstyðja þær eða með samantekt þar sem þeir setja fram sína skoðun og ræða um hvernig þeim hefur gengið að vinna verkefnið.

Litli maðurinn

Verkefnablað 5

Verkefnið felst í því að túlka texta Sigurds Evenmos um „Litla manninn“. Ritgerðin gefur tilefni til að ræða ábyrgðina sem hvert okkar hefur á því sem gerist í samfélaginu.

Dómínó

Verkefnablað 6

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin.

Hvers vegna féllu Sovétríkin?

Verkefnablað 7

Verkefnið er það sama og á bls. 43 í námsbókinni nema hér er búið að færa fullyrðingarnar inn á spjöld sem auðveldar nemendum að vinna verkefnið. Æskilegt að þeir vinni það í hópum til að fá umræður um niðurstöður.

Þjálfði hugann

Verkefnablað 8

Í þessum verkefnum eiga nemendur að flokka upplýsingarnar og meta þær.

Verkefnablað 4 a

Mun Ivan flýja til Vesturlanda?

Vinnið saman í hópum. Þið vinnið fyrir sovésku leyniþjónustuna KGB. Árið er 1983. Ivan Savinov hefur sótt um leyfi til að fara í tónleikaferðalag til Vestur-Evrópu með fílharmóníu hljómsveitinni sem hann leikur með. Þið eigið að meta hvort það sé líklegt að Ivan muni reyna að flýja, það er að sækja um pólitískt hæli í einu þeirra landa sem hann óskar eftir að heimsækja.

1. Lesið upplýsingar á spjöldum og flokkið þær.
Hvaða spjöld tengjast því að hann muni flýja og hver ekki?
2. Hvað haldið þið að muni gerast?
3. Skrifid skýrslu til yfirvalda þar sem þið rökstyðjið hvers vegna þið haldið –
eða haldið ekki- að Ivan muni flýja.

Ivan Savinov er 28 ára, Hann er ekki giftur en á kærustu. Hún heitir Natasja og vinnur sem læknir á sjúkrahúsi í Leníngrad.	Ivan býr í lítilli íbúð í fjölbýlishúsi í útjaðri Leníngrad. Hann býr með vini sínum og starfsfélagi Sergej.	Vinur Ivans, Sergej, spilar á víólu í sömu fílharmóníu hljómsveit. Sergej hefur fengið leyfi til að taka þátt í tónleikaferðalaginu til Vestur-Evrópu.
Ivan hefur spilað á fiðlu síðan hann var 5 ára. Hann er óvenju góður fiðluleikari.	Fílharmóníu hljómsveitin sem Ivan leikur með, á að halda tónleika í Róm, Vín, München, París og London.	Kærasta Ivans, Natasja, er með sítt, dökkt hár og græn augu. Hún er 27 ára.
Á veggnum yfir rúminu sínu hefur Ivan mynd af Gyllta salnum í Wiener Musikverein, frægum tónlistarsal í Vín.	Uppáhaldstónskáld Ivans er Johann Strauss yngri.	Foreldrar Ivans eru verkafólk. Ef þau hefðu átt að greiða sjálf fyrir menntun Ivans hefði hann ekki fengið meira en grunnskólamenntun.
Ivan hefur verið í tónlistarnámi hjá viðurkenndustu tónlistarskólum Sovétríkjanna.	Ivan er fastráðinn sem fiðluleikari hjá fílharmóníu hljómsveitinni í Leníngrad. Hann er öruggur með vinnu sem tónlistarmaður í Sovétríkjunum.	Fílharmóníu hljómsveitin leikur aðallega verk eftir rússnesk tónskáld, sérstaklega Tsjaikovskí.

Verkefnablað 4 b

Ivan og Sergej skiptast á að kaupa í matinn. Það tekur langan tíma því raðirnar eru oft mjög langar.	Afi Ivans hefur oft sagt honum frá því hve fátæk fjölskylda hans var fyrir byltinguna og hve þakklát þau geta verið kommúnistaflokknum.	Alla sína skólagöngu hefur Ivan lært um kostina við kommúnisma og hve erfitt líf fólks er í kapítalískum löndum eins og Bandaríkjunum og Bretlandi.
Sergej hefur verið í París. Hann var mjög hrifinn og hefur talað mikið um hve fallegt var þar.	Nágranni foreldra Ivans á son sem flúði til Bandaríkjanna. Hún talar oft um hvað hann hafi það gott þar og hve mikla peninga hann þénar.	Ivan fær nærri því sama kaup og Natasja, sem er læknir, og pabbi sinn, sem er verkamaður.
Þegar hljómsveitin var á tónleikaferðalagi um Vesturlönd fyrir fimm árum, flúðu fjórir af tónlistarmönnum. Einn þeirra hefur átt mikilli velgengni að fagna í Bretlandi.	Litla systir Ivans er 18 ára og spilar á píanó. Hún hefur nýlega sótt um að komast inn í tónlistaskólann í Leníngrad. Ef Ivan flýr fær hún neitun.	Ivan og Sergej eiga myndbandstæki í íbúðinni. Þeir hafa gaman af að horfa á bannaðar vestrænar myndir sem þeir keyptu af gömlum sjóliða.
Ivan var í ungliðahreyfingu kommúnistaflokksins um tíma þegar hann var tíu ára en hætti vegna þess hann hafði ekki áhuga á stjórnmálum. Hann var bara með af því hann var skotinn í einni sem var í forystu.	Ivan hefur gaman af því að lesa bækur og finnst úrvalið á bókasafninu í Leníngrad mjög lítið. Margar bækur eru bannaðar í Sovétríkjunum.	Ef Ivan flýr til Vestur-Evrópu, mun hann aldrei getað snúið aftur til Sovétríkjanna.
Lífsgæðin í Vestur-Evrópu eru almennt meiri en í Sovétríkjunum. Það þýðir að flestir hafi meira milli handanna þó að það sé meiri munur milli fólks, efnahagslega.	Í Vestur-Evrópu getur maður keypt næstum hvað sem er ef maður á peninga. Þar eru til dæmis engar biðraðir við matarbúðir.	Í Vestur-Evrópu getur maður verið öruggur um að verða ekki handtekinn fyrir það sem maður segir.
Í Sovétríkjunum á maður á hættu á að verða handtekinn ef maður skrifar eða segir eitthvað neikvætt um yfirvöld.	Í Vestur-Evrópu er ekki auðvelt fyrir tónlistarfólk að fá vinnu.	Vinir Ivans lýsa honum sem forvitnum, metnaðarfullum og félagslyndum.

Litli maðurinn

Hvaða maður á mestu sök á stríðsögninni í heiminum? Er það Khrustsjov, Mao, de Gaulle eða Bandaríkjaforseti? Þurfum við að leita meðal aðalmannanna í hernum eða ef til vill meðal kjarnorkueðlisfræðinga, manna eins og eldflaugasérfræðinga Hitlers, Wernher von Braun eða Teller með vetnissprengjuna?

Stríðið yfir það sem ekki á við. Sjálfur hef ég þegar gert það, ég stríkaði yfir öll nöfnin hér að ofan. Þeir geta þó hver og einn átt sinn þátt í því en aðalsökudólgurinn er ekki á meðal þeirra.

Við höfum öll hitt hann.

Það undarlegasta við þessa persónu – sem ætti skilið andstæðu Nóbelsverðlaunanna – er hin góða samviska hans. Hann hefur einfaldlega heimsins bestu samvisku og ef það er einhver á þessari guðsgrænu jörð sem þarf ekki svefntöflu, þá er það hann. Segðu að hann beri ábyrgð, ásakaðu hann með berum orðum – hann mun fyrst horfa á þig með blik í augum sem minnir á fagurblátt fjallavatn á kyrrum sumardeg og því næst hlæja jafn innilega og aðeins örugg manneskja getur, slá þig á öxlina og hrósa fyrir kímni þína og loks stinga upp á að þið fáið ykkur bjór.

Hann er ekki hræsnari. Hann ber stóru sökina en hann veit það ekki.

Aftur á móti veit hann – og það er hann fullviss um – að einmitt hann er laus við alla ábyrgð. Það sem stjórnmálamenn og herforingjar taka sér fyrir hendur, hefur ekkert með hann að gera. Hvað getur hann gert?

Vegna þess að hann er litli maðurinn og hann ræktar sína lítilmennsku, hann klæðist sinni lítilmennsku eins og eldvörðum fötum á móti eldlogum tímans og er betur varinn en barn í móðurlífi. Spurðu hann hvort hann vilji taka þátt í mótmælum gegn kjarnorkuvopnum og hann mun hrísta höfuðið, yfirvegaður og brosandir yfir slíku gamansömu bulli; hvað hefur litill maður að gera með að setja sig upp á móti þeim stóru sem ráða? Auk þess geta litlir menn ekki vitað nægilega mikið um flókin mál og það á við um allt sem tengist stjórnmálum. Þó að hann hefði einhverja skoðun, þá myndi það ekki skipta máli og hvers vegna á hann þá að leggja það á sig á snerta á þeim málum? Hann er upptekinn, í vinnunni og heima.

Nafn hans er Almenningur og hann býr í Osló, hann býr í Berlevåg og Florø, hann finnst einnig í Moskvu og London, Washington og Berlín – báðum megin við múrinn.

Nafnið á aðalsökudólgnum er einnig *frú* Almenningur og litla frú Almenningur hefur alltaf einhverju við að bæta. Guð minn almáttugur, það eru karlmenn sem takast á við stjórnmál og þess háttar; og hún passar að fara ekki í bíó ef það er mynd um stríð, nasisma, útrýmingarþúðir og þess háttar. Því þá getur hún ekki sofnað á eftir. Þannig er það bara.

Herra og frú Almenningur eru svo lítill, svo lítill og eru sáttn við það. En þau eru stærri en Khrustsjov og de Gaulle og Wernher von Braun, og sök þeirra er mikil.

Sigurd Evensmo: úr *Feider og finter*, 1964.

1. Hver er „litli maðurinn“ og hvers vegna á hann sök á stríðsögninni í heiminum?

2. Ert þú sammála Sigurd Evensmo (höfundinum)?

3. Sigurd Evensmo skrifaði þetta 1964, á tímum kalda stríðsins. Gæti það sama verið skrifað í dag? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Dómínó – Kalda stríðið

Klippið niður og dreifið spjöldunum.

Marshall-aðstoðin Kerfi þar sem ríkið á öll fyrirtækin og ákveður verð og laun	Járntjaldið Pólitísk hugmyndafræði með áherslu á jöfnuð	Napalm Kenning um að kommúnismi muni dreifa sér áfram til nýrra landa ef hann er ekki stöðvaður
Áætlunarbúskapur Pólitísk hugmyndafræði með áherslu á frelsi	Kommúnismi Varnarbandalag stofnað 1949 milli Bandaríkjanna og tíu Vestur-Evrópuríkjum	Dómínó-kenningin Varnarbandalag stofnað 1955 af Sovétríkjunum og nokkrum Austur-Evrópuríkjum
Frjálshyggja Manneskja frá kommúnísku ríki sem hefur sótt um pólitískt hæli á Vesturlöndum	NATO Kerfi þar sem vörur og þjónusta er seld á opnum markaði og fyrirtækin eru í einkaeign	Varsjárbandalagið Ræða flutt af forseta Bandaríkjanna þar sem hlutverk Bandaríkin var skilgreint sem „heimslögregla“
Flóttamaður Ástand þar sem tveir óvinir eiga það mörg og öflug vopn að þeir ráðast ekki á hvor annan af ótta við að verða fyrir eyðileggingu sjálf	Markaðshagkerfi Hugtak sem þýðir hreinskilni, innleitt af Gorbatsjov til að blása lífi í samfélagsumræðuna í Sovétríkjunum	Truman–kenningin Hlutur sem er sendur upp í geiminn til að fara í hringi um jörðina
Ógnarjafnvægi Merki um gjána milli kommúnísku einræðis í Austur-Evrópu og hin „frjálsu“ ríki í Vestur-Evrópu	Glasnost Efnavopn sem brennir sig fast við húðina, notað af Bandaríkjamönnum í Víetnamstríðinu	Gervitungl Bandarísk áætlun um fjárhagsaðstoð til Evrópu eftir síðari heimsstyrjöldina

Hvers vegna féllu Sovétríkin

Reynið að finna svörin við þessum spurningum með aðstoð spjaldanna.

1. Skiptið spjöldunum í tvo flokka: innri orsakir (sem tengjast aðstæðum innan Sovétríkjanna) og ytri orsakir (sem tengjast aðstæðum utan við Sovétríkin). Heldur þú að hinar innri eða ytri orsakir hafi skipt meira máli þegar Sovétríkin leystust upp 1991.
2. Flokkið orsakirnar djúpstæðar (langvarandi) og yfirborðslegar, skammvinnar orsakir. Hver heldur þú að hafi verið mikilvægasta skammvinna orsökina?

Vígbúnaðarkapphlaupið og geimferðakapphlaupið við Bandaríkin kostuðu meira en Sovétríkin höfðu efni á til lengdar.	Í sumum sovétlýðveldum, til dæmis Litháen, fór fólk að heimta sjálfstæði.
Stjórn Sovétríkjanna flutti mikil verðmæti frá Rússlandi til annarra sovétlýðveldanna til að koma í veg fyrir að þau slitu sig út úr Sovétríkjunum.	Á Vesturlöndum var sífellt þrýst á Sovétríkin að koma á lýðræði og virða mannréttindi.
Kalda stríðið olli því að Sovétríkin versluðu lítið við Vesturlönd. Þess vegna fengu þau ekki aðgang að nýrri tækni eins og nútíma tölvum.	Áætlunarbúskapur kommúnista, þar sem ríkið stjórnaði öllu, var ekki skilvirkur og leiddi til þess að hagvöxtur var miklu minni í Sovétríkjunum en í Bandaríkjunum.
Bandaríkjamenn byrjuðu nýjan og umfangsmikinn vígbúnað undir stjórn Ronalds Reagan.	Eftir að Gorbatsjov komst til valda fékk fólk að vita meira en áður um raunverulegt ástand mála í landi og því leyfðist að gagnrýna stjórnkerfið.
Margt fólk í Sovétríkjunum drakk of mikið áfengi og vann of lítið.	Þegar Gorbatsjov hætti að styðja kommúnistastjórnir í Austur-Evrópu féllu þær hver af annarri. Þessi þróun smitaðist yfir til í sovétlýðveldin sem vildu einnig losna undan stjórn kommúnista.

Lýðræði eða einræði

Hvað einkennir lýðræði og hvað einkennir einræði? Flokkaðu spjöldin í tvo flokka eftir því hvort þau lýsi eiginleikum lýðveldis eða einræðis. Getur þú fundið fleiri einkenni á lýðræði og einræði?

Ríkið stýrir dagblöðunum, þannig að enginn getur skrifað gagnrýni um ríkistjórnina.	Fólk sem er andsnúið ríkistjórninni getur átt hættu á að lenda í fangelsi án dóms og laga.	Landinu er stjórnað af þjóðkjörnum fulltrúum.
Það eru margir stjórn mála flokkar sem kjósendur geta valið á milli í kosningum.	Allir geta sagt og skrifað sínar skoðanir án þess að vera hræddir við að verða refsað.	Valdinu er skipt á milli fleiri stofnanna til að koma í veg fyrir valdamisnotkun.
Ekki er hægt að refsa manneskju án þess að hún hafi brotið lög og hlotið dóm í löglegum réttarhöldum.	Það er aðeins einn stjórn mála flokkur. Bannað að mynda aðra flokka.	Fólk sem gagnrýnir ríkisstjórnina er vaktað og því fylgt eftir.

SMÁÞJÓÐ Í HÖRÐUM HEIMI

BLS. 46–71

Markmið

- Rekja upphaf og þróun velferðakerfis og auðlegðarþróunar á Íslandi á tímabili bókarinnar. Greina jafnframt frá meginatriðum í gerð og þróun stjórnmálaflokka.
- Setja Íslandssöguna í samhengi við þá veraldasögu sem er sögð í öðrum köflum bókar.

Kveikja

Opnumyndin á bls.46–47 er frá 8. maí 1945, friðardeginum í Reykjavík. Skróðgangin var í tilefni þess að vopnuðum átökum var lokið í Evrópu. Hvetjið nemendur til að skoða fólkið á myndinni. Hvað ætli maðurinn í hringnum sé að hugsa? Hvað um fötin sem hann er klæddur í? Hvaða fáni sést á myndinni?

Friðardagurinn gekk ekki átaklaust fyrir sig því um kvöldið kom til óeirða á milli Íslendinga og breskra hermanna eftir að hátíðarhöldunum lauk. Helsta ástæðan var mikil ölvun meðal breskra sjóliða. Lögreglan þurfti að beita kylfum til að skilja hópanna að. Nota þurfti táragas til að dreifa mannfjöldanum. Skemmdir urðu þó nokkrar í bænum.

ÍSLENSKA VELFERÐARRÍKIÐ BLS. 48–57

Mikilvæg hugtök

Velferð, velmegun, velferðarsamfélag og kynhlutverk. Verkefni 1 og 6 henta vel til að kynna hugtökin.

Vinna með heimildir

Í verkefni 6 eiga nemendur að vinna með munnlega heimildir. Áður en þeir vinna þetta verkefni er mikilvægt að fara með þeim yfir *verkefnablað* 3 og láta þá nota það við þessa vinnu.

Verkmappa

Verkefni 6 hentar vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Kennsluábending

Margar af myndunum í kaflanum gefa tilefni til frekari umræðna um efnið. Látið nemendur skoða myndina á bls. 49 af börnunum í ljósabaði. Hver var tilgangurinn með böðunum? Hvernig ljósalampar eru þetta? Af hverju var hætt við ljósaböðin?

Á sjötta og frameftir sjöunda áratugnum tíðkaðist að senda skólabörn í ljósaböð. Þetta þótti mjög heilnæmt og var lögð rík áhersla á að allir skólar landsins hefðu aðstöðu til að senda börnin í slík böð. Ákveðnar reglur giltu um lengd tímanna, byrjað var á tveimur mínútum og eftir því sem leið á veturninn var tíminn lengdur í 20 mínútur. Börnin lágu í röð á bekknum og áttu síðan að snúa sér við eftir ákveðinn tíma. Þetta var talin vörn gegn berklum sem var mjög skæður sjúkdómur hér á 19. og fram um miðja 20. öld. Fjölmarginir dóu úr berklum á þessum tíma. Einnig var álitid að ljósaböðin væru holl fyrir börn sem ekki voru heilsuhraust.

Þá má láta nemendur skoða myndina á bls. 53 frá útifundinum á kvennafrídeginum þann 24. október 1975. Látið nemendur velta fjöldanum fyrir sér. Muna þeir eftir samsvarandi mannfjölda á einum stað hér á Íslandi? Hvers vegna var svo sterkur samtakamáttur kvenna á þessum degi? Er þörf á öðrum svipuðum degi til að vekja athygli á stöðu kvenna? Hvar stöndum við í dag? Hvað er femínismi? Hver er munurinn á femínisma og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna?

Umræðan í þjóðfélaginu undanfarið hefur þróast í þá átt að það hefur verið frekar neikvætt að kenna sig við femínisma og oft hefur fáfræði og upplýsingaskortur ráðið ferðinni. En ef við skoðum með nemendum skilgreininguna á femínisma verður viðhorfið ef til vill annað. Samkvæmt skilgreiningu Femínistafélagsins á femínisma er „Femínisti karl eða kona sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og vill gera eitthvað í því“. Síðan geta verið ólíkar skoðanir á því hvað er jafnrétti og hvernig

Það lýsir sér og á hvaða sviðum við getum aukið jafnrétti. Algengasta baráttumálið er þó launajafnrétti. Hægt er að láta nemendur velta fyrir sér hvers vegna við höfum ekki ennþá náð því takmarki að allir fái sömu laun fyrir sömu vinnu og jöfn tækifæri til náms og starfa. Það er mikilvægt að leyfa nemendum að hugleiða þetta.

Nánari upplýsingar um kvennafrídaginn og kvenréttindabaráttuna er að finna á eftirfarandi vefslóðum:

[Kvennasögusafnið http://www.kvennasogusafn.is/](http://www.kvennasogusafn.is/)

[Kvennafrídagurinn 2010 http://kvennafri.is/](http://kvennafri.is/)

[Feministafélag Íslands http://www.feministinn.is/](http://www.feministinn.is/)

ÍSLAND OG UMHEIMURINN BLS. 58–71

Mikilvæg hugtök

Marshall-aðstoðin, Keflavíkursamningur, fiskveiðilögsaga, stóriðja og Atlantshafsbandalagið.

Verkefni 1, 3 og 4 henta vel til að æfa þessi hugtök.

Vinna með heimildir

Í verkefni 11 eiga nemendur að lesa og túlka ljóð Einars Braga. Þeir þjálfast í að túlka heimildir.

Hvernig er hægt að nota ljóð sem heimild um tíðaranda?

Verkmappa

Verkefni 10 og 11 geta hentað vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Kennsluábendingar

Myndin á bls. 60 er frá Austurvelli þegar Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið. Þennan dag kom til harðra átaka milli yfirvalda og mótmælenda. Hægt er að ræða við nemendur hvort Íslendingar myndu setta sig við einhliða ákvörðun stjórnvalda í dag? Hefur þjóðfélagið eitthvað breyst?

Íslendingar hafa ekki verið duglegir í gegnum árin að mótmæla ákvörðunum stjórnvalda ef frá er talinn þessi dagur. En síðar varð breyting þar á. Ræðið við nemendur hvers vegna þessar breytingar hafa átt sér stað. Hvað muna nemendur um Búsáholdabyltinguna? Hvers vegna voru mótmælin kölluð þessu nafni? Hvað var það sem fólk var að mótmæla? Hver varð niðurstaðan?

Búsáholdabyltingin er samheiti sem er notað um mótmælin sem stóðu frá haustinu 2008 og fram til janúarloka 2009. Þar voru samtökin *Raddir fólksins* í farabroddi og vikulegir fundir voru á laugardögum á Austurvelli. Stundum kom til ryskinga milli lögreglu og mótmælenda. Krafa fólksins var að ríkisstjórnin segði af sér og boða ætti til kosningar. Einnig ættu stjórnir Seðlabanka og Fjármálaeftirlits að axla ábyrgð og segja af sér. Þessar kröfur almennings náðu fram að ganga. Umræðan sem fylgdi á eftir voru krafa um breytta stjórnarhætti og lýðræðisumbætur. Búsáholdabyltingin er að þessu leyti merki-legur atburður í sögu íslenska lýðveldisins.

Nærmyndakaflinn um handritamálið á bls. 62 hentar vel til að vinna með nemendum og ræða um hve merkilegur atburður þetta var. Til þess að nemendur átti sig betur á efniinu er vefurinn <http://www.handritinheima.is> mjög góður. Þar er saga handritanna rakinn ásamt ýmsu fróðlegu efni. Þar er einnig kennsluefni sem mætti nýta í þessu sambandi.

Þá er fjallað í tveimur næstu nærmyndum á blaðsíðu 63 um menninguna á Íslandi á 7. áratugnum og hvernig ungmenni fóru að láta raddir sínar heyrast enn sterkar en áður. Á eftir því er svo fjallað um réttindabaráttu samkynhneigðra á 8. og 9. áratug. Hægt er að skoða það nánar með nemendum og finna m.a. viðtal Guðjóns Smára við Hörð Torfason á timarit.is.

Verkefnablöð

Kvennabaráttan

Verkefnablað 9 a og b

Nemendur eiga að flokka setningarnar eftir því hvaða kynslóð þær gætu átt við og bera saman við sína kynslóð. Nemendur lesa setningarnar á verkefnablaði 9a og finna þeim síðan stað á verkefnablaði 9b, auk þess að bæta við sínum viðhorfum. Þetta verkefni hentar vel sem hóp- eða paraverkefni. Nemendur greina síðan frá niðurstöðum sínum og ræða um hvað hefur breyst og hvers vegna.

Bítlar og blómabörn

Verkefnablað 10 a og b

Verkefnið byggist á grein úr Alþýðublaðinu frá 1970. Á þeim tíma var bítla- og hippatískan alsráðandi. Eldri kynslóðin stóð agndofa yfir því sem fram fór. En umræðan um æskulýðsmenningu og seinna ungl-ingamenningu byrjar strax eftir síðari heimsstyrjöldina. Menning unga fólksins einkenndist af því að það tileinkaði sér sérstakt málfar, tónlist og klæðnað. Elvis Presley og aðrir rokksöngvarar byrjuðu að móta tiskuna á 6. áratugnum en Bítlarnir frá Liverpool tóku við kyndlinum eftir 1962 og á síðari hluta á sjöunda áratugarins var hippamenningin í algleymingi. Ungu fólkið lét hár og skegg vaxa og varð það nokkurs konar tákn fyrir andstöðu við eldri kynslóðina. Bítlahárið fór gjarnan í taugarnar á eldra fólkinu og þar á meðal kennurum! Rætt var um að krefjast ætti snyrtimennsku í skólum og það teldist ekki snyrtimennska að hár drengja væri svo stítt að ekki sæist í augu eða eyru. Því var jafnvel haldið fram að síðhærðir drengir væru „óeðlilegt fyrirbrigði“.

Málfar unglunga

Verkefnablað 11 a og b

Þetta verkefni tengist einnig unglíngamenningu. Grein Árna Böðvarssonar um málfar unglunga birtist í tímaritinu Samvinnu árið 1971. Mörg þeirra orða sem hann fjallaði um eru orð sem fólk á öllum aldri notar í dag. Hægt er að ræða við nemendur um unglíngamenningu og hvers vegna unglíngar þurftu/ þurfa að aðgreina sig frá eldri kynslóðinni með klæðaburði og málfari. Er eitthvað í málfari unglunga í dag sem einkennir þá sem hóp? Hvað með það sem er kallað SMS eða MSN málfar? Eins og *cul8r*, *rofl* og *imho*.

Hægt er að láta nemendur skoða eftirfarandi setningu og athuga hvort þeir þekki þetta málfar:

Já heyrðu - það var sagt mér að talvan frosnaði tíu mínútur í tólf meðan ég byrjaði að lána ristavélina hjá ömmu. Hún fór til Akureyris 40 mínútur í tvö. Ég lánaði hjá henni líka strauvélina. Mamma keypti svo litlan bíl að ég gæti lyft honum með einari hendi. Tööööff¹

Það gæti líka verið skemmtilegt að leyfa nemendum að spreyta sig á þessari setningu sem kennari í Skotlandi fékk í ritgerð frá 13 ára nemanda sínum og átti erfitt með að átta sig á merkingu hennar:

„My smmr hols wr CWOT. B4, we used 2go2 NY 2C my bro, his GF & thr 3 :- kids FTF. ILNY, it's a gr8 plc.“, sem þýðir „My summer holidays were a complete waste of time. Before, we used to go to New York to see my brother, his girlfriend and their three screaming kids face to face. I love New York. It's a great place.“²

Rokk og ról, ást og friður

Verkefnablað 12

Nemendur lesa grein sem birtist í Tímanum árið 1961 og lýsir nýjum dansi sem fylgdi Rokk tímanum. Nemendur fá tækifæri til að gægjast inn í tíðarandann og gera sér grein fyrir þeim viðhorfum sem voru til breytinga á þeim tíma. Einnig þurfa nemendur að fara í smá sjálfskoðun og lýsa hvernig danstískan er hjá þeim sjálfum. Það gæti einnig verið fróðlegt fyrir nemendur að fá að taka spörin út frá texta-lýsingunni.

¹ <http://hjh.blog.is/blog/hjh/entry/1056641/>

² <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/755366/>

Réttindabarátta samkynhneigðra

Verkefnablað 13

Í þessu verkefni er unnið með baráttu samkynhneigðra. Þar er vísað í tvær greinar sem fjalla um baráttusögu samkynhneigðra. Nemendur þurfa að lesa greinarnar og svara spurningum sem fylgja. Einnig er komið inn á hugtakið Hinsegin sem er regnhlífarhugtak og nær yfir allt það fólk sem ekki er gagnkynhneigt og/eða fellur ekki inn í það sem telst hefðbundið kyn eða kynhlutverk. Til að átta sig á fjölbreytileikanum er gott að láta nemendur vinna saman og búa til hugarkort.

Þjálfðu hugann – taka eitt út

Verkefnablað 14

Nemendur eiga að finna og rökstyðja hvaða orð passar ekki í hópinn. Ekki er alltaf eitt svar rétt og geta nemendur borið saman svör sín og rætt val sitt á lausninni.

Íslands og umheimurinn

Verkefnablað 15

Nemendur eiga að rifja upp kunnáttu sína úr kaflanum Ísland og umheimurinn á bls. 58–69. Gott er að leyfa þeim að lesa yfir kaflann áður en þeir byrja á verkefninu. Verkefnið hentar vel sem hóp- eða paravinna. Nemendur velja sér spurningar til að svara. Þær gefa ákveðinn fjölda stiga en fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjölda í lokin. Þetta verkefni hentar vel til upprifjunar á námsefninu.

Kvennabaráttan

Setningarnar hér fyrir neðan eiga að lýsa viðhorfum kvenna á ákveðnum kynslóðum. Það er Rauð-sokkakynslóðin og síðan kynslóð foreldra hennar. Lesið yfir setningarnar og fyllið inn í reitina á verkefnablaðinu. Það er nóg að skrifa bókstafina þar sem við á en þið þurfið að skrifa ykkar skoðun í aftasta reitinn. Þegar þið hafið lokið því, svarið þá spurningunum neðst á blaðinu.

- A. Það er mitt stolt að halda hreint og fallegt heimili.
- B. Framtíðarstarfið er hjónaband og móðurhlutverkið.
- C. Konur og karlar eiga að vera jafningjar í hjónabandinu.
- D. Hefðbundinn klæðnaður er kjólar og kápur.
- E. Óhefðbundinn klæðnaður eins og mussur og fótlagaskór.
- F. Engin ástæða fyrir langri skólagöngu. Skólagangan á að vera undirbúningur fyrir banka- og skrifstofustörf ásamt húsmæðrastarfinu.
- G. Barnaheimili óþörf því konan hættir að vinna við fæðingu fyrsta barnsins.
- H. Dagvistun fyrir börn er nauðsynleg bæði fyrir foreldra og börn.
 - I. Konur eiga vera metnar að verðleikum af störfum sínum og getu en ekki af ytri útliti.
 - J. Í hjónabandinu hafa báðir aðilar sama hlutverki að gegna: að gera eiginmanninum allt til hæfis.
- K. Karlmennt þurfa hærri laun en konur því þeir eru fyrirvinna heimilisins.
- L. Frelsi kvenna til að mennta sig að eigin ósk er sjálfsagður hlutur.
- M. Konur og karlar eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu.
- N. Karlar og konur taka jafnan þátt í heimilisstörfum.
- O. Konur eiga að hafa frelsi til að velja sér starf eftir menntun og áhuga.
- P. Keppnin veitir ungum stúlkum ýmis framandi tækifæri.

1. Hvernig hafa viðhorfin breyst í gegnum kynslóðirnar?

2. Eru breytingarnar jákvæðar eða neikvæðar? Útskýrið.

Kvennabaráttan

	Foreldrar rauðsokka- kynslóðarinnar	Rauðsokka- kynslóðin	Þín kynslóð
Klæðnaður			
Vinna			
Nám			
Fegurðarsamkeppni			
Launamisrétti			
Barnauppeldi			
Heimilið			
Hjónabandið			

Bítlar og blómabörn

Hér fyrir neðan er grein sem birtist í Alþýðublaðinu árið 1970 og lýsir vel þeim tíðaranda sem þá ríkti. Lesið vel yfir greinina og leysið verkefnin sem fylgja.

Hinir síðhærðu eru fremur illa séðir: Óvinsælasta vinnuaflið „Maður sér þá sífellt vera að klóra sér...”

Í sumar hefur blaðið heyrt úr mörgum áttum, að svokallaðir bítlar séu óvinsælla vinnuafli en aðrir og hafi mörgum verið sett það skilyrði fyrir vinnu að þeir klipptu sig. M.a. höfum við heyrt að á Keflavíkurlugvelli hjá Aðalverktökum hafi mönnum verið sett það skilyrði að klippa sig vegna þess, að sítt hár særði fegurðarskyn amerísku hermannanna. Einnig átti lús að hafa fundist í hári hinna síðhærðu.

Við bárum þessar sögusagnir undir Halldór Jósefsson, ráðningastjóra Aðalverktaka og sagði hann þær vera hreinan uppspuna frá rótum.

Mönnum væri ekki skipað að klippa sig, en aftur á móti væri mælt til þess og taldi hann það eðlileg viðbrögð.

Skítugt

Ástæðan væri meðal annars sú, að hár þessara síðhærðu ungmenna væri oft og tíðum mjög skítugt og hefðu borizt kvartanir úr mótuneyti fyrirtækisins. Auk þess setti síða hárið leiðinlegan svip á staðinn að hans áliti. Hann vildi frekar, að staðurinn liti sæmilega út og þar væri snyrtilegt fólk. „Það er verra að staðurinn hafi bitlaorð á sér, því maður veit aldrei hvað fylgir þessu hippadóti. – Þetta gæti verið all kyns misyndislyður.“

Klóra sér

Hjá Ísbirninum ræddum við við Pál Guðmundsson og sagði hann, að það hafi komið fyrir að strákar með sítt hár kæmi í atvinnuleit til þeirra og þeim boðin vinna ef þeir klipptu sig. Að vísu myndu þeir fá að halda hárinu, ef þeir gengust undir að nota slæður, eins og stúlkurnar, en það hefði aldrei komið til og aldrei minnst á þann möguleika við þá.

Kvað Páll, að hreinlætisástæður leyfðu hreinlega ekki, að unnið væri yfir opnum fiski með síðan lubba. „Maður hefur alltaf á tilfinningunni, að þessir lubbastrákar séu skítugir, enda sér maður þá sífellt vera að klóra sér.“

Tek þá ekki

Emil Ásmundsson hjá Bæjarútgerðinni sagði, að allir aðrir gengu fyrir síðhærðum mönnum með vinnu og hefði hann ekki tekið þá í vinnu til sín. Það væri mjög strangt eftirlit með því að fólk væri ekki mjög hært. „Þetta eru engir fordómar, við tökum þá bara ekki“, sagði Emil að lokum.³

3 Alþýðublaðið, 51. árg. 158. tölublað (21.07.1970) bls. 16.

Bítlar og blómabörn

1. Hvaða viðhorf birtast til yngri kynslóðarinnar í þessari grein?

2. Hvað finnst þér um þau viðhorf sem þarna birtast?

3. „Maður hefur alltaf á tilfinningunni að þessir lubbastrákar séu skítugir, enda sér maður þá sífellt vera að klóra sér“, er haft eftir einum ráðningastjóranum. Hvað á hann við? Heldur þú að hann hefði sagt það sama um síðhærðar konur? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

4. Veist þú um einhver dæmi í dag þar sem fólki er skipað í ákveðna flokka eftir útliti?

5. Ef þú værir síðhærður strákur á þessum tíma og fengir ekki vinnu vegna útlitsins, hvernig myndir þú bregðast við?

Málfar unglunga

Málfar unglunga

Eitt af einkennum þessa sérstæða unglingamálfars eru málbrögð sem nefna mætti umhvörf, það er orð notuð í umhverfri merkingu, öfugri merkingu við hina venjulegu. Gildir þetta bæði um last og lof. Til að mynda talar þetta fólk um að eitthvað sé *ógeðslegt*, *sóðalega*, *viðbjóðslega*, *ferlega*, *skuggalega*, *ofsalega*, *ofboðslega*, *æðislega*, *ískyggilega fallett* en hins vegar: Þetta lag er *alveg ferlegt*, þ.e. ljótt eða leiðinlegt. Það er hrós um mann að segja að hann sé *geggjaður*, *æðislegur*, eða *geggjaður*, *truflaður*, *brjál- aður*, *skræpóttur persónuleiki*. Um eitthvað verulega hrósvort einhverra hluta vegna er sagt *ferlega klárt*, *alveg æði*, *gasalega truflað*, *klistrað*, *dópað*, *geggjað*, *dásamlega ljótt*, *ruddalega fallett*, *ruddalega smart*, *ógeðslega flott*, *það er alveg drulla*, og það er mikið hrós um pilt að kalla hann *brjálæðislega*, *rosalega*, *æðislega töff*. Hins vegar er að ekki mikið hrós að kalla eitthvað ágætt (einhver nemandi sagði að sú einkunn benti til þess að 30–40% verkefnisins hefði verið leyst rétt), en það er beinlínis last og getur víst ekki verið annað að segja um mann að hann sé *imbi*, *lúði* eða *algjör lúði*, *púkó*, *asnó*, *bjánó*, *júði*, *fábi* (=fábjáni), *lummulegur*, *lummó*, *hallærislegur* eða *halló* (með dl-framburði eins og í hallæri), *alger auðn* (um konu sem hefur enga kosti nema friðleika). Ofsareiður maður er kallaður *röndóttur af reiði* (fyrir nokkrum áratugum var þetta kallað *hvitglóandi af reiði*). „Djöfull er þessi kjöll ógeðslega fal- legur. Nýja teppið er alveg geðveikt.“ Hvort tveggja er mikið hrós [...]

Um stúlkur almennt eru notuð orð eins og *tjása*, *meri*, *pía*, *flott pía*, *pæja*, *spúsa*, *skvísa*, *flyðra*, *sjúlla*, *fýsa* (ofsalega falleg stúlka), *plastpíka* (uppgærðarleg stúlka), *smart grýla* (mikið hrós um stúlku), *beibí*, *boddi* eða *bomba* eða *kroppur* (vel vaxinn kvenmaður), *fjallkona* (hávaxin og sköruleg stúlka), *skúta* (fyrirferðamikil um sig), *skutla*. En um pilta almennt eru notuð orð eins og *peyi*, *svæs gæ* (kaldur strákur, niðrandi), *gæ*, *gaurur*, *gaur*; *hasa*, *blasa*, *svaka töff*; *töffari* (sá sem gerir sér far um að ganga í augun á stúlkum), *töff gaur* (myndalegur og vel klæddur), *röff töff* (smart og spennandi strákur), *draumur* eða *engill* (góður og tillitsamur, stundum með alveg fyrir framan til áherzlu). Foreldrarnir eru kallaðir *þau gömlu*, *sá gamli*, *sú gamla*, *karlinn*, *kerlingin*, *gamla konan*, *gamli maðurinn* og sjálfsagt fleiri heitum.

Um stúlku með kynþokka er sagt að hún sé *getnaðarleg*, og strákar tala um að ná sér í *vændi* eða *gat* (þ.e. stúlku); *vera til byltings* um að hafa samfarir („Ég var til ofsa byltings í nótt með piunni sem við vorum að spá í í fyrradag“), *ítak* merkir bæði samfarir og stúlku, taka í („Pían vildi ekki leyfa mér að taka í“). Sá sem er í slæmu skapi eða í rusli er sagður *vera til bútar*, hann hefur kannski farið í kerfi þegar hann sá prófið. Ef til vill hefur hann vanið sig á að *djúsa* eða *djússa*, *dæla*, *kíkja* í *glas*, *skíta á tappa* eða *lepja* (allt notað um áfengisneyzlu), þá gæti hann orðið *drykkjari* eða *alki* síðar meir, en nú á tímum er eins trúlegt hann *fari í dópið*, *fari í ferð*, *fari í filingu*, *verði uppdópaður*, *stónaður*, *fari að reykja skít*, *mold*, *gras* eða annað *stöff*. [...]

Líkbrennslan í Fossvogi er kölluð *grillið*, að jarðsetja kallast að *planta*, og jarðaför er *blesspartí*. Venjulegt hús er kallað *kofi* eða *hrúgald*, og nemendur *pæla* eða *róta* í verkefnum sínum þegar þeir eyða tíma sínum við þau.⁴

4 Árni Böðvarsson, „Málfar unglunga“, Samvinнан, 65. árg. 4. tölublað 1971 (01.08.71), bls. 32–733

Málfar unglinga

Þessi texti hér að framan er hluti úr grein sem birtist í tímaritinu Samvinnan frá árinu 1971. Í greininni eru gerð skil því málfari sem unglingar þess tíma höfðu tileinkað sér. Lesið vel yfir greinina og leysið verkefnið sem hér fylgja. Vinnið í þörum eða hópum.

1. Mörg þessara orða þekkið þið eflaust og notið í dag en eru einhver orð sem þekkið ekki?

2. Finnið út hvað þessi setning þýða.

Ég fór í bæinn í gær og sá þennan gasalega truflaða strák. Hann var samt svolítill gaukur en stelpa sem hann var með leit út fyrir að vera alger auðn en samt svona fýsa. Ég held samt að þetta sé svona röff töff gæi.

3. Finnið orð sem þið notið en foreldrar ykkar eða eldri kynslóðinni ekki.

4. Af hverju haldið þið að unglingar tileinki sér sértakt málfar sem þeir nota sín á milli?

Skrúfudans – nýr faraldur á skemmtistöðum

Lesið vel yfir greinina hér fyrir neðan og svarið eftirfarandi spurningum.

Á hverju ári kemur nýr dans fram á sjónarsviðið. Milljónir unglinga kasta sér með blindri ástríðu út í nýjan takt og nýjar sveiflur, dilla sér dáleitt í cha cha cha, snarsnúast hömlulaust í jive, trampar gegnum sucu sucu og pachanga. Hitt er sjalgæfara að fullorðnir sjoppusátar láti hrífast af glænýjum og undarlegum skrífudansi, en þegar slíkt gerist, hitnar í kolunum, og dansinn breytist í skæðan faraldur.

Þannig hefur farið með „the Twist“, nýja dansinn, sem nú geisar á finni dansgólfum í New York. „The Twist“, sem hægt er að kalla skrífudans, ef nokkuð er unnið við að það nafn á dansi, sem á rætur að rekja til guðs eigin lands, er tilfinningadans, þótt dansendur snertist ekki. Herðarnar eru hristar, lendunum velt, en það sem máli skiptir, er það, að dansendurnir verða að vinda sig og hrista báðir eins – mynda spegilmynd af vindingi hins. Þetta lítur út fyrir að vera erfitt, en hver veit, nema tónlist hjálpi eitthvað upp á það. ...

Í æpandi skærilitum söllum danshússins iðar dansfólkið í skrífudansi. Hljómsveitin er fimm eða sex manna, lemur trumbur og sparkar og æpir. „The Twist“ er ekki ný tegund tónlistar, aðeins ný tegund af dansi, sem er dansaður við rokk-tónlist. Einfaldur dans og fábreyttur. Menn hlykkjast og snúa upp á sig en snertast lítið eða ekki. ...⁵

1. Hvað gæti orðið „sjoppusátar“ hugsanlega þýtt?

2. Hvaða viðhorf kemur fram hjá greinahöfundinum í garð nýja dansins?

3. Skrifaðu lýsingu á þeim dansi sem er algengur hjá ykkur í dag.

Stattu upp og prófaðu að dansa eftir lýsingunni hér að ofan.

Baráttan fyrir réttindum samkynhneigðra

„Það var eins og ég hafi verið að reyna í öll þessi ár að klára púsluspil án þess að gera mér grein fyrir því að einn kubburinn væri á vitlausum stað.“⁶

Hommar og lesbíur hafa alltaf verið til á Íslandi en hóparnir voru ekki sýnilegir í þjóðfélaginu fyrr en á seinni hluta 20. aldar. Lesið vel yfir greinarnar og vinnið verkefnin sem fylgja.

„Misrétti og réttarbætur – stuttur annáll um réttarstöðu hinsegin fólks“

<https://hinsegin dagar.is/fraedsla-og-frodleikur/misretti-og-rettarbaetur/>

„Brot úr sögu samkynhneigðra“

<https://hinsegin dagar.is/fraedsla-og-frodleikur/brot-ur-sogu-samkynhneigdra/>

1. Hvaða áfangi finnst ykkur mikilvægastur í baráttu samkynhneigðra og hvers vegna?

2. Hvað í sögu samkynhneigðra kemur ykkur mest á óvart?

3. Í greininni „Brot úr sögu samkynhneigðra“ er sagt frá því að hommar og lesbíur lifðu í skuggatilveru, hvað er átt við með því?

4. Viðhorf samfélagsins hafa breyst í garð samkynhneigðra, hvað telur þú að hafi valdið þessum breytingum?

Hinsegin er regnhlífahugtak yfir ýmsa minnihlutahópa hvað varðar kynhneigð og kynferði. **LGBTQIAP+** er stafasúpa sem oft er notuð til að skilgreina hina ýmsu hinsegin hópa. Reyndu að finna út fyrir hvað stafirnir standa. Þú getur til dæmis gert hugarkort. Ef þú ert með spjaldtölvu eru mörg öpp sem þú getur notað t.d. SimpleMind+.

Þú getur skoðað eftirfarandi vefslóðir til aðstoðar:

<https://otila.is/grunnurinn/af-hverju-allir-thessir-flokkar/>

<https://reykjavik.is/hinsegin-hugtokin>

<https://attavitinn.is/sambond-og-kynlif/hinsegin/hinsegin-fra-a-o/>

Verkefnablað 14

Þjálfaðu hugann – taktu eitt út

Hér að neðan eru orð flokkuð í hópa. Finndu eitt orð í hverjum hóp sem þú telur að passi ekki við hin orðin í hópnum. Strikaðu yfir orðið sem passar ekki og skrifaðu ástæðuna fyrir því að þú telur það ekki passa. Það geta verið mismunandi lausnir – með ólíkum ástæðum.

Keflavíkursamningurinn Atlantshafsbandalagið Landhelgismálið Kalda stríðið	Ástæða: _____ _____
Menntun Velferðarsamfélagið Heilbrigði Neyslusamfélag	Ástæða: _____ _____
Marshall-aðstoðin Atlantshafsbandalagið Áburðarverksmiðjan Keflavíkurgöngurnar	Ástæða: _____ _____
Keflavíkursamningurinn Atlantshafsbandalagið Landhelgismálið Kalda stríðið	Ástæða: _____ _____
Herinn Sjálfstæðisflokkurinn Framsóknarflokkurinn Sósíalistaflokkurinn	Ástæða: _____ _____
Kárahnjúkavirkjun Útlendingar Stóriðjustefna Fullveldisskerðing	Ástæða: _____ _____

Ísland og umheimurinn

Notaðu töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu þína úr kaflanum *Ísland og umheimurinn* bls. 58–69. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningum sem þið völduð farið þið yfir svörin með hjálp námsbókar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjölda í lokin.**

Efni	Marshall-aðstoðin	Landhelgismálið	Stóriðjan	Evrópusamvinna
Þyngdarstig 1 10 stig	Hvað er Marshall-aðstoðin?	Hvað er fiskveiðilög-saga?	Hvað heitir virkjunin í Þjórsárdal?	Hvenær var Efnahagsbandalag Evrópu stofnað?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvaða lönd fengu aðstoð í gegnum Marshall-aðstoðina?	Hvað er ein sjómíla margir kílómetrar?	Hvað heitir stærsta virkjun á Íslandi?	Hvað er EFTA?
Þyngdarstig 3 30 stig	Af hverju fengu Íslendingar aðstoð í gegnum Marshall-aðstoðina?	Hverjir voru hörðustu andstæðingar Íslendinga í Landhelgismálinu?	Út á hvað gengur stóriðjustefnan?	Hvaða ríki eru í EFTA?
Þyngdarstig 4 40 stig	Hvaða stóra verk-smiðja var byggð fyrir peningana sem fengust með Marshall-aðstoðinni?	Hvenær voru herskip send á Íslandsmið og hver sendi þau?	Hvernig er vatni breytt í raforku?	Hvað tákna stjörnur tólf á fána Evrópusambandsins?

DEILUR Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

BLS. 72–91

Markmið:

- Kynna mikilvægar fjölþjóðlegar deilur á 20. öld og fram á yfirstandandi öld. Setja fram hverjar eru orsakir og afleiðingar deilnanna.
- Leita að heimildum, velja þær og meta af gagnrýni. Sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

DEILA ÍSRAELS OG PALESTÍNU BLS. 74–77

Kveikja

Skoðið opnumyndina bls. 72–73 og notið sem grunn í umræðum um hvað gæti hafa fengið hóp af íslömskum bókstafstrúarmönnum til að ráðast á Bandaríkin. Spyrjið nemendur hvað þeir vita um atburðinn. Hvað gerðist? Hvaða afleiðingar höfðu atburðirnir? Hverjar gæti verið ástæður fyrir því að að þessir hlutir gerðust?

Mikilvæg hugtök

Þau hugtök sem nemendur eiga að vinna með eru diaspora og sionistar. Verkefni 1 og 2 eru vel til þess fallin.

Raungera efnið

Í verkefni 7 eiga nemendur að meta hvort Ísrael-Palestínu deilan hafi verið óhjákvæmileg. Með því að velta fyrir sér þessari spurningu geta nemendur öðlast skilning á að svo var ekki en margar ólíkar orsakir urðu til þess að valda deilunni. Þátttakendur hefðu getað valið aðrar leiðir og þá hefði verið hægt að komast hjá henni.

Verkmappa

Verkefni 8 og 9 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

MIÐ-AUSTURLÖND Í KÖLDU STRÍÐI BLS. 78–85

Mikilvæg hugtök

Hryðjuverk, bókstafstrú og PLO. Verkefni 13, 16 og 21 henta vel til að vinna með hugtökin.

Verkmappa

Verkefni 20 hentar vel sem matsverkefni í verkmöppu.

BARIST GEGN VESTRÆNUM ÁHRIFUM BLS. 86–91

Mikilvæg hugtök

Islamismi og Al Qaida. Verkefni 22 og 25 henta vel til þess. Arabíska vorið, ISIS, flóttafólk eru einnig mikilvæg hugtök í þessum kafla og þar henta verkefni 28, 29, 30, 35, 36, og 39.

Raungera efnið

Í verkefnum 31–34 eiga nemendur að meta hvaða afleiðingar árásirnar 11. september 2001 hafa haft. Í verkefni 32 eiga þeir að velta fyrir sér hvernig hægt er að nota söguna til að leysa deilur. Hérna er hægt að fjalla um hvað við getum lært af sögunni.

Verkmappa

Verkefni 36 og 37 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Ítarefni

Andstæðar heimildir

Verkefnablað 16 a og b

Tvær andstæðar heimildir um Ísrael-Palestínu deiluna. Hér eiga nemendur að finna andstæður í umræðunni og meta sannleiksgildir yfirlýsinga. Tilgangurinn með verkefninu er að þjálfar nemendur í að lesa og meta heimildir á gagnrýnin hátt ásamt því að öðlast þekkingu á þessum flóknu átökum.

Dómínó – Átökin í Mið-Austurlöndum

Verkefnablað 17

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálfar hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin.

Hvenær var spennan milli Vesturlanda og Mið-Austurlanda mest?

Verkefnablað 18

Nemendur eiga að útbúa graf sem sýnir hve mikil eða lítil spenna var milli Vesturlanda og Mið-Austurlanda við ólíka sögulega atburði.

Hlutverkaleikur – Undirbúningur friðarviðræðna

Verkefnablað 19

Skiptu nemendum þannig að 2–3 séu sáttasemjarar og afgangurinn af bekknum skiptist í tvær sendinefndir, aðra frá Ísrael og hina frá Palestínu. Dreifðu verkefnablaðinu til nemenda og gefðu þeim góðan tíma til að setja sig inn í deilurnar milli Ísraels- og Palestínumanna. Gott er að gefa þeim tækifæri á að kynna sér frekari heimildir ef tími vinnst til.

Sendinefndin þarf um það bil 30 mínútur til að undirbúa sig saman eftir að hafa lesið hver fyrir sig. Hvor sendinefndin velur tvo talsmenn og einn ritara. Sáttasemjarar þurfa koma sér saman um hvernig þeir ætla að stjórna fundinum, til dæmis hvernig þeir ætli að skiptast á að vera fundastjórar. Einnig geta þeir gengið milli sendinefnda á meðan þær undirbúa sig og fylgst með.

Fyrir hlutverkaleikinn þarf að setja saman samningarborð þannig að pláss sé fyrir sáttasemjarana og tvo fulltrúa frá hvorri sendinefnd ásamt riturum. Aðilarnir eiga að sitja hver andspænis öðrum þannig að þeir geti horfst í augu. Sáttasemjarar sitja við endann. Hinir nemendurnir geta staðið eða setið fyrir aftan sína talsmenn.

Sáttasemjararnir eiga að stjórna samningarviðræðum (sjá verkefnablað). Einungis þeir sem sitja við samningaborðið hafa leyfi til að taka þátt í viðræðunum. Ef einhver hinna nemendanna vill taka þátt í viðræðunum verður hann að biðja um „hlé“ og þar með „frysta“ hlutverkaleikinn. Þá geta þeir skipt um stað við fulltrúana við borðið áður en leikurinn heldur áfram. Einnig getur kennarinn „fryst“ leikinn og beðið nemendur að skipta um stað. Það er ætlunin að allir fái tækifæri til að taka þátt í samningaviðræðunum.

Mundu eftir að gefa tíma fyrir samantekt í lokin. Það skiptir ekki máli þó að nemendur nái ekki að koma með friðarsáttmála, þetta er æfing í aðferðinni. Hlutverkaleikurinn hjálpar þeim að skilja hvers vegna það er svo erfitt að leysa deiluna, jafnframt því að þeir fá þjálfun í rökræðum og æfingu í að nota þekkingu sína.

Hryðjuverk – Þjálfðu hugann – taka eitt út

Nemendur eiga að finna og rökstyðja hvaða orð passar ekki í hópinn. Ekki er alltaf eitt svar rétt og geta nemendur borið saman svör sín og rætt val sitt á lausninni.

Andstæðar heimildir

Útdráttur úr grein eftir Jostein Gaarder: Guds utvalgte folk. Fyrst birt: 05.08.06, uppfært: 11.08.06 kl. 18:14. Heimild: Aftenposten.

„Við viðurkennum og tökum á okkur hina miklu ábyrgð Evrópu á örlögum gyðinga, vegna hinna hræðilegu ofsókna, fjöldamorða og Helfararinnar. Það var sögulega og siðferðilega nauðsynlegt að gyðingar fengju sitt eigið heimaland. En ríkið Ísrael hefur með sínum samviskulausu stríðsaðferðum og sínum andstyggilegum vopnum kolfellt sitt eigið réttmæti. Það hefur kerfisbundið brotið á mannréttindum, alþjóðasamningum og ekki staðið við fjölda ályktanna frá Sameinuðu þjóðunum og það getur ekki lengur vænst verndar þess sama hóps. Þeir hafa kaffært viðurkenningu heimsins. En hræðist ekki! Þrengingatíminn er bráðum liðinn. Ísraelsríki hefur séð sitt Soweto. Við stöndum núna á tímamótum. Það er engin leið til baka. Ísraelsríki hefur nauðgað viðurkenningu heimsins og fær ekki frið fyrr en þeir leggja niður vopn sín.“

Útdráttur úr grein Carls Ivars Hagen: *Norge er bygget paa kristne grunnverdier*. Levende ords Sommerfestival, Bergen 13. júlí 2004. Heimild: <http://virkssommeord.uib.no>.

„Ísrael hefur barist í mörgum stríðum. Samkvæmt minni skoðun hafa öll þessi stríð í raun verið varnarstríð. Og varnarstríð er allt annað en árásarstríð. Yasir Arafat hefur aldrei barist öðruvísi en með árásarstríði, og það er þetta sem mér finnst helsti munurinn. Þessi stríð þurfti Ísrael nauðsynlega að vinna. Hin löndin hafa aldrei þurft að vinna nein stríð. En ef Ísrael tapar stríði, þá verða ekki fleiri stríð, vegna þess að Ísrael myndi hverfa, og þá munum við upplifa nýja Helför og margir myndu segja eftirá: við skildum að eitthvað neikvætt væri að gerast! Vegna þess að það er almenn skoðun í Noregi að Ísraelsmenn eigi bara að láta lítið fara fyrir sér og vera þægir og góðir, þegar það gengur vel hjá þeim. Þeir hafa langa reynslu á því að ef þeir geta ekki varið sig sjálfir, þá hafa þeir ekki lengur neitt land til að verja, ekki heldur neina þjóð til að verja og þess vegna er ég líka orðinn þátttakandi í Ísraels-málinu. Vegna þess að það er grundvallaratriði að verja lýðræðið.“

Andstæðar heimildir – verkefni

1. Hver er boðskapurinn hjá Jostein Gaarder?

2. Hver er boðskapurinn hjá Carl I. Hagen?

3. Gefa báðir þessar greinar rétta mynd af málinu? Rökstyddu svarið

4. Hvað segir námsbókin um spurninguna um ábyrgð í deilunum milli Ísraels og Palestínu?

5. Passar myndin sem gefin er upp í námsbókinni við framsetningu Gaarders og/eða Hagens á málinu? Rökstyddu svarið.

Verkefnablað 17

Dómínó – átökin í Mið-Austurlöndum

Klippið niður og dreifið spjöldunum

Árásin á Bandaríkin Theodor Herzl	1990 Íslamskir bókstafstrúarmenn	1947 Súesdeilan
Ísrael hertók Síanskaga, Gazasvæðið, Vesturbakkann, Gólanhæðirnar og Súesskurðinn. Ályktun Sameinuðu þjóðanna sem krefst þess að Ísrael dragi sig til baka.	Balfour – yfirlýsingin Ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að skipta Palestínu í ríki gyðinga og ríki Palestínumanna	Óslóar-samningurinn Íslömsk bylting í Íran
Ayatolla Khomeini Flóabardaginn	PLO Ágúst 1993	1956 Sex daga stríðið
Síonismi Bretar voru hlyntir innflutningi Gyðinga til landsins	Al Kaída 11. september 2001	1979 Íslamismi
Jom kippur – stríðið Einræðisherrar	Arabíska vorið Sjálfstæðisbarátta Palestínu	

Hvenær var spennan milli Vesturlanda og Mið-Austurlanda mest?

Búðu til graf sem sýnir hve mikil eða lítil spennan var á milli Vesturlanda og Mið-Austurlanda við eftirfarandi sögulega atburði.

Mikil								
Vaxandi								
Lítill								
	1948: Styrjöld Ísraels og arabalanda	1967: Sex daga stríðið	1979: Íslömsk bylting í Íran	1990: Flóabardagi	1993: Oslóar – samningurinn	2001: Árásirnar þann 11. september	2003: Innrásin í Írak	2015: Hryðjuverka-árásir á Vesturlönd

Undirbúningur fyrir friðarráðstefnu – aðilar

Þið eigið að leika ísraelsku/palestínsku sendinefndina í friðarsamningaviðræðunum. Tilgangur með samningaviðræðum er að útbúa nýjan friðarsáttmála milli Ísraels og Palestínu.

Sendinefndin þarf að velja sér ritara og tvo talsmenn sem eiga að byrja viðræðurnar.

Talsmennirnir eiga að sitja við samningaborðið í byrjun en á meðan á viðræðunum stendur geta (og eiga) aðrir aðilar í sendinefndinni að leysa þá af, þannig að fleiri skiptist á að halda viðræðum gangandi.

Ritarinn tekur niður glósur meðan á viðræðum stendur og skrifar minnismiða um hvað sendinefndirnar er sammála um. Þessar spurningar getið þið rætt:

- Hvernig er ástandið hjá okkur í dag?
- Hvaða vandamál er mikilvægast að leysa?
- Hverju viljum við ná fram? (eins nákvæma punkta eins og hægt er og raða í röð eftir mikilvægi þeirra)
- Hvaða rök eigum við að nota til að ná fram okkar óskum?
- Hvað getum við gefið eftir gagnvart mótaðilanum?

Undirbúningur fyrir friðarráðstefnu – sáttasemjarar

Þið eigið að stjórna fundinum. Gætið þess að báðir aðilar fái að tjá sig jafn mikið um hvert atriði. Reynið að fylgja atriðunum hér fyrir neðan.

1. Inngangur

Allir kynna sig og heilsast. Markmiðið með ráðstefnunni er að ná fram nýjum friðarsáttmála. Sáttasemjarar þurfa að vera hlutlausir. Biðjið aðilana um að hlusta hver á annan. Það eru þeir sem eiga að leysa deiluna, sáttasemjararnir eiga bara að hjálpa þeim að tala saman.

2. Hvað gerðist?

Látið báða aðila segja sína hlið á deilunum.

3. Hvernig upplifa þeir ástandið?

Látið báða aðila segja frá hvaða atriði það eru sem eru ólíðandi í dag. Reyndu að leggja áherslu á að þeir setji sig hver í spor annars.

4. Hafa þeir tillögu um lausn?

Spyrjið aðilana hvaða þarfir og óskir þeir hafi fyrir framtíðina. Hvernig óska þeir eftir að deilan verði leyst? Takið saman það sem þeir eru sammála um en komdu ekki með tillögur handa þeim.

5. Sáttmáli?

Þær lausnir sem aðilar eru sammála um eru skrifaðar niður í sáttmála (ef hægt er að ná samkomulagi).

Verkefnablað 20

Hryðjuverk - Þjálfðu hugann – taktu eitt út

- Lesið vel blaðsíður 84-89 í bókinni. Hér fyrir neðan eru orð flokkuð í hópa. Vinnið í pörum og finnið eitt orð í hverjum hóp sem þið teljið að passi ekki við hin orðin í hópnum. Strikið yfir orðið sem passar ekki og skrifið ástæðuna fyrir því að þið teljið að það passi ekki. Það geta verið mismunandi lausnir og ástæður ólíkar, berið saman niðurstöðurnar í bekknum.

World Trade Center Al-Kaída ISIS George W. Bush	Ástæðan
--	-------------------------

Flóabardagi Saddam Hussein Olía Bandaríkin	Ástæðan
---	-------------------------

Arabíska vorið Mohamed Bouazizi Sýrland Túnis	Ástæðan
--	-------------------------

Sýrland ISIS Frakkland Einræði	Ástæðan
---	-------------------------

Samfélagsmiðlar Arabíska vorið Lýðræði Flóttamenn	Ástæðan
--	-------------------------

SJÁLFSTÆÐISBARÁTTA Í NÝLENDUNUM

BLS. 92–107

Markmið:

- Kynna dæmi um sjálfstæðisþróun í nýlendum. Orða orsakir og afleiðingar hennar.
- Leita að heimildum, velja þær, meta sjálfstætt og sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

NÝ SJÁLFSTÆÐ RÍKI BLS. 94 – 96

Kveikja

Kortið á bls. 94 sýnir hvaða lönd fengu sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöldina og hvenær. Biddu nemendur að skoða kortið og finna út hvaða land fékk fyrst sjálfstæði og hvaða land síðast. Spurðu síðan nemendur hvers vegna þeir telji að svona mörg lönd hafi fengið sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöldina.

Vinna með heimildir

Í verkefni 10 eiga nemendur að bera saman tilvitnun í stefnuskrá CCP (stjórnmalaflokkur í Ghana sem berst fyrir sjálfstæði) og 1. greinina í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Leggja skal áherslu á að bera saman heimildirnar og hvað þær segja um tímann, staðinn og aðstæðurnar.

Raungera efnið

Í verkefni 8 eiga nemendur að meta hvers vegna það er mikilvægt fyrir Ghanamenn að líta til baka og halda upp á sjálfstæðisafmælið. Verkefnið gefur nemendum færi á að velta fyrir sér hvaða þýðingu það hafði fyrir nýlendurnar að fá sjálfstæði.

Verkmappa

Verkefni 8,9 og 10 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

LEIÐIRNAR TIL SJÁLFSTÆÐIS BLS. 97–100

Mikilvæg hugtök

Mikilvægasta hugtakið sem nemendur eiga að vinna með er kynþáttaaðskilnaður. Þar sem þeir eru hvattir til að útskýra hvað kynþáttaaðskilnaður þýðir í raun getur verkefni 14 hjálpað til þess.

Vinna með heimildir

Í verkefni 22 eiga nemendur að lesa útdrátt úr ræðu sem Gandhi hélt 1942. Verkefnið gefur tækifæri á að bera saman sögulega atburði þar sem skoðaður er tími, staður og aðstæður.

Að raungera efnið

Í verkefni 16 eiga nemendur að vinna með hugtakið eftirnýlendustefna. Þannig geta þeir tengt saman fortíð og nútíð og ef til vill sagt eitthvað til um framtíðina.

Að setja sig í spor annarra

Í verkefni 17 eiga nemendur að „lifa sig inn í“ söguna með því að gera tímás sem sýnir þróunina frá nýlendu til sjálfstæðis.

Verkmappa

Verkefni 18 og 22 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

VANDAMÁL NÝFRJÁLSU RÍKJANNA BLS. 101–107

Mikilvæg hugtök

Iðríki, þróunarland og nýðnvætt land. Verkefni 23–28 geta hjálpað nemendum í þessari vinnu.

Vinna með heimildir

Í verkefni 34 eiga nemendur að vinna með upplýsingar frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þetta er æfing í að vinna með vefsíðu sem heimild.

Að setja sig í spor annarra

Í verkefni 29 eiga nemendur að bera saman nútíð og fortíð með að ræða um hvernig það var (og er) erfitt fyrir mörg lönd að fara frá því að vera þróunarland yfir í iðnríki.

Verkmappa

Verkefni 30–32 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Ítarefni fyrir kennara

www.globalis.is

Á vefsíðunni eru margar tölfræðilegar upplýsingar um þróun í nýlendum. Á þessu svæði er einnig mögulegt að finna grunn að ýmsu tölfræðilegu efni sem hægt er að nota til að gera töflur og gröf sem sýna þróunina.

Verkefnablöð

Þjóðsöngur sem heimild

Verkefnablað 21

Þjóðsöngur Indlands „Jana Gana Mana“. Hér eiga nemendur að finna boðskapinn í söngnum og meta hvað þar kemur fram um tengsl Indverja við land sitt. Markmiðið með verkefninu er að nemendur æfist í að lesa og nota fagurbókmenntir sem heimild. Textinn er á ensku og það gæti þurft að fara með nemendum yfir hann áður en þeir leysa verkefnið.

Þjálfhugann – staðreynd eða skoðun

Verkefnablað 21

Nemendur eiga að finna hverjar af þessum tíu fullyrðingum um nýfrjálsu ríkin eru staðreyndir og hverjar eru skoðun.

Orsakir fyrir afnám nýlenda

Verkefnablað 23

Verkefnið gefur upp ólíkar orsakir fyrir afnámi nýlendanna. Með því að meta þessar orsakir og finna út hver er mikilvægust eiga nemendur að læra um hvernig orsakir spila saman og að það sem gerist er ekki endilega eitthvað óhjákvæmilegt. Það er ekkert rétt svar hér heldur eiga nemendur að læra af þessu ferli sem þeir ganga í gegnum þegar þeir kynna mögulegt svar.

Svona er að búa í fátæku landi

Verkefnablöð 24 a, b og c

Nemendur eiga að lesa grein Stefáns Jóns Hafstein um daglegt líf í Malaví. Tvö verkefnablöð fylgja. Verkefnablað 24 b er hugsað til að hjálpa nemendum að lesa greinina og átta sig betur á innihaldi hennar. Seinna verkefni, verkefnablað 24 c, er verkefni þar sem nemendur þurfa að setja sig betur inn í málina og taka afstöðu.

Nánari upplýsingar um aðstoð Íslendinga í Malaví er að finna á vef Þróunarstofnunnar Íslands:

<http://www.iceida.is/samstarfslond-og-verkefni/malavi/>

Þjóðsöngur sem heimild

Þjóðsöngur Indlands

Jana Gana Mana (Thou Art the Ruler of the Minds of All People)

You rule the minds of all people
and control India's future.
Your name brings joy to Punjab, Sind, Gujarat and Maratha;
It echoes in the Vindhya and Himalayan hills,
and mixes with the music of the Yamuna and Ganga rivers.
It is also sung by waves of the sea.
We pray for your blessing
and sing your praise.
We look forward to your best wishes.
And we wish Victory, Victory, Victory for you.

1. Hvaða boðskapur kemur fram í söngnum?

2. Hvers vegna er mikilvægt fyrir land að hafa þjóðsöng?

3. Getur þessi heimild sagt eitthvað til um samband Indverja við land sitt?

Verkefnablað 22

Þjálfðu hugann – staðreynd eða skoðun?

Hér fyrir neðan eru nokkrar setningar sem annaðhvort eru staðreyndir eða skoðun. Það að setning er skoðun þýðir að þá er ekki gengið út frá því að fullyrðingin sé rétt eða röng. Heldur er hún túlkun á skoðun persónunnar og þannig getur þú verið sammála eða ekki. Finndu út hvaða setningar eru staðreyndir eða skoðanir. Ef þú telur að setningin sé skoðun skrifaðu fyrir aftan hvort þú ert sammála eða ekki.

1. Ólíku þjóðernishóparnir sem bjuggu á svæðum nýlendnanna, urðu seinna óánægðir með nýlendustjórnina.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

2. Ef Vesturlönd hefðu ekki tekið nýlendur í Afríku, hefði sá heimshluti verið jafn vel stæður og Evrópa í dag.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

3. Alþjóðasamfélagið veitti áður nýlendunum stór lán.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

4. Frá 1954 til 1962 börðust Alsírmenn gegn frönsku nýlenduherum.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

5. Vesturlönd ættu að hjálpa nýju sjálfstæðu ríkjum meira.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

6. Frakkar hefðu átt að veita Alsír sjálfstæði fyrr.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

7. Árið 1947 var mikið um árekstra milli hindúa og múslima á Indlandi.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

8. Margar fyrrverandi nýlendur upplifðu uppgangstíma í lok 20. aldar.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

9. Efnahaglegir erfiðleikar og mikill þrýstingur frá erlendum ríkjum varð til þess að yfirvöld í Suður-Afríku lögðu af aðskilnaðarstefnuna.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

10. Alþjóðasamfélagið gat komið í veg fyrir alskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

Verkefnablað 23

Orsakir fyrir því að nýlendurnar fengu frelsi

- Þjóðernishópar í nýlendunum voru óánægðir með nýlenduherranna.
- Stofnun frelsishreyfinga í nýlendunum.
- Notkun og meðferð nýlenduherra á nýlendunum.
- Nýlenduherrar réðu öllu í nýlendunum.
- Nýlenduherrar kæfðu allar uppreisnir.
- Sumir íbúar nýlendna fengu að fara til Evrópu að mennta sig.
- Hugmyndir um þjóðernisstefnu og lýðræði.
- Nýlendurnar höfðu hjálpað nýlenduherrum í fyrri og síðari heimsstyrjöld.
- Evrópa var efnahagslega veikburða eftir tvær heimsstyrjaldir.
- Eftir síðari heimsstyrjöld töldu margir í Evrópu að það væri siðferðislega rangt að halda úti nýlendum.

Verkefni

Raðaðu orsökunum eftir því hve mikilvægar þú telur þær vera. Settu mikilvægustu orsökina við A, þá næst mikilvægustu við B og svo framvegis. Hvaða orsakir eru djúpstæðar (langvarandi) og hvaða orsakir eru yfirborðslegar (skammvinnar). Skrifðu D við djúpstæðar og Y við yfirborðslegar orsakir.

A: _____

B: _____

C: _____

D: _____

E: _____

F: _____

G: _____

H: _____

I: _____

J: _____

Svona er að búa í fátæku landi

Hér fyrir neðan er grein eftir Stefán Jón Hafstein um ástandið í Malaví. Lestu vel yfir greinina og leystu verkefnin sem fylgja.

Hvernig birtist fátækt í daglegu lífi í landi eins og Malaví? Götur höfuðborgarinnar eru skörðóttar og holóttar, þar eru gangstéttar fátíðar og götulýsing næstum engin. Byggðir eru dreifðar og mest kofar á mismunandi stigum, þótt sæmileg millistéttarhverfi birtist inni á milli. Símkerti virkar illa, rafmagnsskortur setur svip á daglegt líf, enda er heildarframleiðsla í 13 milljóna manna landi minni en nemur hálfri Kárahnjúkavirkjun; sex prósent íbúa hafa aðgang að rafmagni.

Vegir eru slæmir, lítill bílafloti heimamanna einkennist af hræjum sem varla eru ökufær og umferðarslys eru með því mesta sem um getur í heiminum. Aðkomumaður tekur strax eftir hve vélvæðing er skammt komin, fólk gengur langar leiðir með byrðar eins og vatn og eldivið, eitt reiðhjól ber fjögurra manna fjölskyldu eða hlaða af kolapokum. Heimili alls þorra fólks eru leirkofar með stráþökum þar sem getur verið langt í næsta vatnsból og hreinlætisaðstaða lítil sem engin. Þótt fólk sé almennt hreinlegt eru fötin slitin og skór þessu þættu óviðaða boðlegir, enda margir berfættir. Konur klæðast mikið litríkum lendaklæðum en samsetning hjá hinum almenna karlmanni minnir mest á flóamarkað.

Ógnarlegar tölur

Börnin í götunni minni fara í skólann fyrir klukkan átta á morgnana og eru mörg í slitnum og óhrjálægum skólabúningum. En þau eiga gott því aðeins þriðjungur barna lýkur barnaskóla. Og helmingur allra barnaskólanema er vannærður. Menntunarskortur er alvarlegt vandamál í Malaví, ólæsi kvenna yfir 50% og karla næstum 40%. Um 10% barna úr hverjum árgangi fara í framhaldsskóla, og mun færri ljúka námi. Menntað fólk flyst oft burt ef það getur markaðssett sig annars staðar, sagt er í bæði gríni og alvöru að fleiri malavískir læknar séu í Manchester í Bretlandi en í Malaví. Fjórutíu prósent af ríkisútgjöldum koma frá erlendum ríkjum. Hagkerfið er illa búið til sóknar: Malaví er landlukt, auðlindir þverrandi, innviðir veikir, sóknarfæri fá. 70 prósent af útflutningstekjum eru af tóbakssölu sem ekki lofar góðu ef Alþjóða heilbrigðisstofnunin nær markmiðum sínum um að minnka reykingar. Fátæktin birtist í því að lífslíkur eru aðeins 52 ár að meðaltali, ungbarnadauði er með því mesta sem þekktist, sjúkdómar eins og niðurgangur og öndunarfæræpestir leggja fjölda manns að velli árlega og mæðradauði er með því hæsta á jarðri: Að meðaltali deyja 16 konur á dag af barnsförum.

Lág laun og hátt verð

En er þá ekki ódýrt að lifa í svona landi? Nei, svo merkilegt sem það er þá eru matvæli dýr. Margir borgarbúar rækta hænur og selja egg og kjúklinga sem kosta nær 1.000 krónur stykkið úr heimahúsi. Svipað og á Íslandi! Á götumarkaði í höfuðborginni kosta fjórir tómatar 200 krónur. Ef laun lögreglumanns eru 5.000 krónur getur hann keypt kjúkling einu sinni í viku og borðað fimm tómata með í hvert skipti fyrir launin. Auðvitað borðar hann aldrei kjúkling, heldur ræktar maís eins og allir aðrir. Fólk lifir á maís. Það kaupir ekki mat í búðum.

Í svona fátæku landi er ekkert til sem heitir „skemmtanaíðnaður“ en þó er því ekki að leyna að sumar hljómsveitir gefa út diska sem seldir eru á götuhornum. Ríkissjónvarpið sendir út á einni rás og tveimur útvarpsrásum og nokkuð er um einkareknar stöðvar sem njóta framlaga pólitískra auðmanna. Eitt kvikmyndahús er í landinu, og það heyrir til tíðinda að nú hefur verið opnuð „bókabúð með bókum“ í höfuðborginni. Menningarstofnanir eins og söfn, listagallerí og slíkt er ekki að finna í þeirri mynd sem Íslendingar þekkja.

Verkefnablað 24 a framhald

Aðbúnaður er mjög hraklegur sem má sjá af útliti opinberra stofnana og skrifstofum í ráðuneytum þar sem málning flagnar af veggjum og húsgögn eru við að detta í sundur. Sjaldgæft er að hlutum sé hent, endalaust er hægt að gera við og margir handverksmenn ná færni í því. Farsímar hafa níu líf. Sárálítill iðnaður er í landinu og stenst ekki samkeppni við innflutt skran; bilanir á öllum hlutum til daglegs brúks eru fastur liður í tilveru þeirra fáu sem hafa efni á. Ekki er um að ræða „velferðarkerfi“. Lyf kosta peninga, nema þau sem erlend ríki gefa, eins og til HIV-smitaðra. Malaría er landlæg og getur reynst fátækri fjölskyldu dýr ef þarf að kaupa lyf. Veikt fólk kemst á ríkisspítala ef það býr nærri en ættingjar þurfa að elda handa sjúklingum. Barnaskólar eru ókeypis en þegar kemur að framhaldsskóla kostar frá 4.000 krónum upp í 22.000 krónur á önn að senda ungling til menntunar. Ríkisstarfsmenn hafa smávægileg eftirlaun, aðrir ekki. Það segir sína sögu að nær allt fullorðið fólk þekkir hungur af eigin raun.

Tvöhundruðkall á dag?

Þjóðartekjur á mann eru innan við 600 dollarar á ári í Malaví – vel innan við tvo dollara á dag. Íslendingar hafa 50 sinnum hærri tekjur á mann. Viðmið Alþjóðabankans fyrir fátækt er 1,25 dollarar á dag í tekjur, en 30% Malava ná ekki því viðmiði, og 22% eru í raun úrskurðuð „ofur-fátæk“. Í raun má segja að í svona landi séu tvö, ef til vill þrjú, hagkerfi. Í fyrsta hagkerfinu eru 85% landsmanna sem lifa af sjálfsþurftarbúskap og eru utan við peningahagkerfið og sjá eiginlega aldrei peninga. Í öðrum hluta hagkerfisins eru svo rúmlega 10% landsmanna sem hafa reglulega vinnu og tekjur og búa í peningakerfi að hluta til að minnsta kosti. Flestir eru þó með annan fótinn í „óformlega hagkerfinu“, rækta eigin mat að hluta og stunda vöruskipti. Hér eru kennarar og lágt settir ríkisstarfsmenn sem fá e.t.v. 12–17.000 krónur á mánuði, launamenn smáfyrirtækja og slíkir. Láglaunafólk fær 3–5.000 krónur á mánuði. Í efsta laginu eru svo háttsettir ríkisstarfsmenn og stjórnendur stórfyrirtækja sem hafa margir þokkalegar tekjur og lifa góðu lífi, en erfitt er að meta stærð þessa hóps. Þessi litli hópur er ekki stærri en svo að ekki er til markaður í landinu fyrir „lúxusvörur“ og dýra þjónustu, skemmtanir eða sérsverslanir svo heitið geti. Tölur um atvinnuleysi eru ekki til enda ekki hægt að ræða um almennan vinnumarkað þegar næstum allir eru sjálfsþurftarbændur ...

Svona er að búa í fátæku landi

Lestu greinina eftir Stefán Jón Hafstein um lífið í Malaví og leystu eftirfarandi verkefni. Finndu út hvaða setningar eru sannar (S) og hverjar eru ósannar (Ó). Leiðréttu þær sem eru ósannar í línurnar fyrir neðan.

1. Íbúar Malaví eru 13 milljónir samkvæmt greininni.
2. Þjóðartekjur á mann eru svipaðar og á Íslandi.
3. Það er dýrt að búa í Malaví.
4. Eitt kvikmyndahús er í landinu.
5. Framhaldsskólar eru ókeypis.
6. Eitt hagkerfi sameinar landið.
7. Lífslíkur íbúa eru með því hæsta sem gerist í heiminum.
8. Þriðjungur barna lýkur barnaskóla.
9. Nær allt fullorðið fólk þekkir hungur af eigin raun.
10. Mikið úrval er af ódýrum matvörum í búðum.

Svona er að búa í fátæku landi.

Lestu vel yfir greinina um hvernig er að búa í fátæku landi og einnig kaflann í bókinni um vandamál nýfrjálsu ríkjanna bls. 101–105.

1. Almenn fátækt er eitt stærsta vandamálið sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir. Sumir eiga það mikið af auðæfum að þeim endist ekki ævin til að nota þau, á meðan einn milljarður jarðabúa fær ekki nóg að borða. Hvað finnst þér um þessa skiptingu? Er hún réttlát? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

2. Íslendingar eru rík þjóð. Við getum oft leyft okkur að kaupa hluti sem okkur dreymir um. Hvað átt þú mörg pör af skóm? Eru föt í skápnum þínum sem þú notar aldrei? Hvað með „gamla“ farsíma, tölvuleiki og aðra „úrelta“ hluti sem þú ert hætt/ur að nota? Veltu þess fyrir þér og svaraðu eftirfarandi spurningum: Eru þessir hlutir lífsnauðsynlegir? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Af hverju höfum við þörf fyrir að kaupa nýja hluti þó að þeir gömlu séu ekki ónýtir?

3. Hvernig getum við stuðlað að jafnari skiptingu lífsgæða í heiminum?

SAMEINING OG KLOFNINGUR Í EVRÓPU

BLS. 108–129

Markmið:

- Ræða mikilvægar breytingar á alþjóðasamfélaginu á undanförunum árum. Orða orsakir og afleiðingar breytinganna.
- Leita að heimildum, velja þær, meta sjálfstætt og sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

GAMLIR FJENDUR VERÐA VINIR BLS. 110–118

Mikilvæg hugtök

Evrópubandalagið, Evrópusambandið, EFTA og Evrópska efnahagssvæðið (EES). Verkefni 6, 7 og 12 henta vel til að vinna með hugtökin. Einnig er hægt að nota Dóminó-verkefnablaðið (sjá verkefnablað 26).

Raungera efnið

Evrópusambandið er stöðugt í þróun og ný lönd leita eftir að verða aðilar og önnur hafa áhuga á að ganga úr sambandinu. Hægt er að sjá hvernig málin standa á vef sambandsins: http://europa.eu/index_da.htm (danska) eða http://europa.eu/index_en.htm (enska). Einnig er íslenskur vefur: <http://evropu-vefur.is/> og vefur um aðildarviðræður Íslendinga: <http://www.vidraedur.is/vidraedur/>

Verkmappa

Verkefni 17 og 18 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Kennsluáðendingar

Á vef Evrópusambandsins er mikið af upplýsingum sem henta vel til kennslu, til dæmis er svæði með ýmsu efni fyrir kennara: http://europa.eu/teachers-corner/12_15/index_en.htm. Einnig er hægt að fá heimsókn í skólann bæði frá fulltrúum sem styðja og eru á móti inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

GAMLIR VINIR VERÐA FJENDUR BLS. 120–129

Mikilvæg hugtök

Þjóðarhreinsanir er lykilhugtakið í þessum kafla. Verkefni 22 og 29 vinna með hugtakið.

Vinna með heimildir

Í verkefni 28 eiga nemendur að taka viðtal við einstakling frá fyrrum Júgóslavíu (ef mögulegt er). Þeir þurfa því að leita að heimildum. Kynntu fyrir þeim *verkefnablað 3* (munnleg saga) áður og notaðu tíma til að ræða um efni þess.

Verkefni 30 er heimildavinna og þurfa nemendur að sækja upplýsingar úr ólíkum heimildum og meta hvað þessar heimildir segja um Júgóslavíu undir stjórn Titos. Bera þarf saman heimildir og meta hvers vegna þær gefa ólíka mynd af tímabilinu.

Í verkefni 31 eiga nemendur að túlka tákn á mynd, ljósmynd af Slobodan Milosevic þar sem einhver hefur teiknað inn hakakrossinn, djöflahorn og skegg eins og á Hitler. Þetta er dæmi um hvernig sagan er notuð og gæti verið gott að ræða þessa mynd með nemendum áður en þeir vinna verkefnið.

Að raungera efnið

Notkun sögunnar er efni sem á alltaf við. Það getur verið góð hugmynd að byrja með heimildaverkefni 31 og ræða verkefni 26. Síðan geta nemendur unnið verkefnið á bls. 128 um notkun og misnotkun á sögunni. Notaðu tíma áður til að fara yfir hvernig sagan er notuð. Ef nemendur eiga erfitt með að finna dæmi, gefðu þeim ábendingar um eftirfarandi:

- Kynning á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, bls. 6. (Þar er stríðið sterkur bakgrunnur, læra af mistökum, rök fyrir því að alþjóðlegt samstarf er mikilvægt.)
- Schuman-yfirlýsingin, bls. 111. (Reynsla af því hvernig og hvers vegna stríð hafa verið háð milli Þýskalands og Frakklands áður, læra af fyrri mistökum, rök fyrir samvinnu innan Evrópu.)
- Sameiginleg frönsk-þýsk námsbók, bls. 117. (Skapar einingu og sjálfsmynd.)
- Myndin af Milosevic með Hitlers skeggið, bls. 125. (Gefur neikvæða mynd af einstaklingi með því að líkja honum við verstu persónu sögunnar.)
- Sjálfstæðisyfirlýsing Ísraels og yfirlýsing frá yfirnefnd araba, bls. 74. (Draga fram sína skoðun í ákveðnu máli.)

Þetta eru dæmi úr námsbókinni en hægt er að hvetja nemendur til að finna nýlegri dæmi.

Verkmappa

Verkefni 29 og 30 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Kennsluábendingar

Það er til gagnvirkur vefur á ensku um fjöldamorðin í Srebrenica <http://www.pbs.org/wnet/cryfromthe-grave/> þar eru miklar upplýsingar og ef ýtt er á myndirnar er hægt að heyra og lesa lýsingar sjónarvotta ásamt ýmsum öðrum upplýsingum.

Verkefnablöð

Þjálfðu hugann – eitt passar ekki

Verkefnablöð 25

Hentar vel sem hópvinna. Þjálfar nemendur í að flokka orð og hugtök eftir því hvað þau eiga sameiginlegt, um leið og nemendur kynnast lykilhugtökum í kaflanum. Vinna í litlum hópum og hvetja til að rökstyðja sitt mál.

Dóminó

Verkefnablöð 26 og 27

Hér er dóminó sem passar við a-hlutann í bókinni (Evrópa) og einnig b-hlutann (Júgóslavía).

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin.

Ísland og ESB

Verkefnablöð 28 a, b og c

Nemendur eiga að lesa tvær andstæðar greinar um Evrópusambandið og meta ólík sjónarhorn.

Þjálfaðu hugann – eitt passar ekki

1. Finndu hvaða orð í hverri röð passar ekki við hin. Hvað hafa hin þrjú orðin sameiginlegt? Það geta verið margar mögulegar lausnir.
2. Finndu nýtt orð sem hægt er að setja í stað þess sem þú tókst burtu, þannig að öll fjögur orðin eigi eitthvað sameiginlegt.
3. Veldu fjögur orð þar sem eitt passar ekki. Láttu samnemanda þinn reyna að finna hvaða orð passar ekki.
4. Flokkið öll orðin í töflunni hér fyrir neðan í hópa þar sem hver hópur hefur fyrirsögn sem segir til um hvers vegna orðin passa saman.

A	Júgóslavía	Króatía	Serbía	Slóvenía
B	Albanir	Serbar	kommúnistar	Króatar
C	Pristína	UCK	Kosovo	Sarajevo
D	Josip Broz Tito	Josef Stalín	Ratko Mladic	Ibrahim Rugova
E	Stríðsglæpamaður	Þjóðarhreinsun	Frjáls verslun	Fjöldanauðgun
F	Radko Mladic	Robert Schuman	Slobodan Milosevic	Radovan Karadzic
G	umhverfismál	utanríkisstefna	fangabúðir	mynt
H	Ítalía	Þýskaland	Frakkland	Alsace-Lorraine
I	Belgía	Schengen	Brussel	Maastricht
J	vörur	þjóðaratkvæðagreiðsla	þjónusta	fjármagn

Dómínó – Evrópa

Klippið út og dreifið spöldunum

ESB Franskur utanríkisráðherra sem átti frumkvæðið að samvinnu við Vestur-Þýskaland. Telst einn af frumkvöðlum ESB.	Evrópubandalagið Fagnað 9. maí hvert ár.	Rómarsamningurinn Evrópska efnahagssvæðið, samningur milli ESB og EFTA-landanna.
Kola- og stálsambandið Borg í Hollandi þar sem samningurinn um Evrópusambandið var undirritaður.	EFTA Efnahagsbandalag Evrópu stofnað 1957.	Brussel Landamærasvæði milli Frakklands og Þýskalands.
Evrópudagurinn Þorp í Luxemburg þar sem samningur tók gildi 1990. Hann fól í sér að landamæraeftirlit milli aðila var afnumið.	EES Frjáls flutningur á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki yfir landamæri.	Maastricht Sameiginlegur gjaldmiðill margra Evrópulanda.
EB Evrópusambandið. Nafnið var tekið í notkun 1993.	Alsace-Lorraine Hluti af 9. sínfóníu Beethovens notaður sem nokkurs konar „þjóð-söngur“. ...Evrópubandalagsins.	Schengen Samningur sem tók gildi 1957 milli sex landa um að stofna EB.
Fjórfrælsið Samtök sex landa sem unnu saman að framleiðslu kola og stáls, stofnað 1951.	Evra Evrópsk fríverslun sem stendur fyrir utan ESB.	Robert Schuman Borg í Belgíu þar sem flestar stofnanir ESB eru staðsettar.

Dómínó – Júgóslavía

Klippið út og dreifið spjöldunum

Slobodan Milosevic Algengustu trúarbrögðin meðal Bosníumanna og Albana.	Grísk-orthódox kristni Serbneskur herforingi sem stóð að baki fjöldamorðanna í Srebrenica.	Ibrahim Rugova Letur notað af Serbum, Makedóníumönnum og Svartfell-ingum.
Sarajevo Alþjóðlegt varnarbandalag sem fór í stríð gegn Serbíu 1999.	Ustasja Algengustu trúarbrögðin meðal Króata og Slóvena.	ESB Höfuðborgin í Kosovo.
Josip Broz Tito Algengustu trúarbrögðin meðal Serba og Makedóníumanna.	Makedónía Leiðtogi Frelsishers Kosovos.	UCK Höfuðborg Bosnía-Herzegovínu.
Islam Króatísk fasistahreyfing sem stjórnaði Króatíu í síðari heimsstyrjöldinni.	Ratko Mladic Margir vona að aðild komi til með að tryggja frið í fyrrum Júgóslavíu.	Kyrillískt letur Leiðtogi Júgóslavíu 1945–1980.
NATO Fyrrum júgóslavneskt hálfsjálfstætt ríki sem Sameinuðu þjóðirnar aðstoðuðu til að koma í veg fyrir stríð.	Kapólsk kristni Kosovo-albanskur skæruliðaher.	Pristína Forseti Serbíu 1989–2000.

Ísland og ESB

Lestu vel yfir greinina.

Vinkonan í ESB

Stundum velti ég því fyrir mér af hverju ég búi á Íslandi. Einhvern veginn tekst aldrei að gera búsetuskilyrði hér á landi sambærileg við önnur ríki í kringum okkur. Ég á til dæmis vinkonu sem býr í Evrópusambandsríki, en hún keypti sér íbúð þar fyrir nokkrum árum. Ekkert rosalega stóra en „kósi fyrsta íbúð“ eins og hún orðaði það sjálf. Ég á líka íbúð sem var keypt fyrir tæpum sex árum og hún er líka svona „kósi fyrsta íbúð“. Aðstæður okkar vinkvennanna eru hins vegar ekki svipaðar þegar kemur að eignarhlut í fasteignum okkar eða hvernig þróunin hefur verið á lánagreiðslum.

Þó að það sé styttra síðan vinkonan fjárfesti í sinni íbúð þá hafa mánaðargreiðslur hennar lækkað og eignarhlutur hennar hækkað, ekki mikið, en hún eignast allavega hlut í íbúðinni sinni. Staðan er hins vegar önnur hjá mér. Lánið hefur gert lítið annað en að hækka, en það hefur hækkað um tæpar sjö milljónir á sex árum og eignarhlutur minn er stjarnfræðilega lítill, ef hann er nokkur. Svo ofan á allt þetta, þá borgar vinkonan minna í mat og getur keypt sér meira af fötum heldur en ég!

En eina af aðalástæðunum fyrir því að húsnæðislán mitt hefur hækkað það mikið að lánið er núna hærri en verðmæti eignarinnar, er hægt að rekja til blessaðrar verðtryggingarinnar. Ég veit ekki með ykkur, en persónulega er ég alveg til í að kveðja verðtrygginguna fyrir fullt og allt og það mun gerast með upptöku evrunnar. Verðtrygging lána er nánast óþekkt fyrirbæri í Evrópu enda talin óþörf. Öðrum þjóðum hefur tekist það sem Íslendingar hafa þráð frá því að seðlar byrjuðu að skipta máli, en það er að búa til sanngjarnt lánakerfi sem býr ekki við sveiflur og hækkanir lána.

Fyrir nokkrum árum kom út skýrsla á vegum Neytendasamtakanna og í henni var farið yfir muninn á húsnæðislánum hér á landi og svo í tíu öðrum Evrópuríkjum. Í þessari skýrslu kom fram að það er mun hagstæðara að taka lán í öðrum ríkjum þar sem vextir hér á landi eru allt að sjö prósentum hærri, sem þýðir að meðalfjölskyldan er að greiða mörg hundruð þúsund krónur í vexti á hverju ári. Það er endalaust hægt að tala um sértækt úrræði fyrir heimilin en ég vil lausnir til frambúðar, ég vil geta keypt mér eign og borgað af mínum lánum við hver mánaðamót án þess að lánin hækki um nokkra tugi þúsundkalla mánaðarlega.

Með upptöku evrunnar munum við sjá eignarhlut okkar stækka í takt við það sem greitt er af húsnæðislánum. Við munum geta haldið frábær matarboð í íbúðinni sem við eigum eitthvað í og skálað í ódýrara áfengi í fínu, nýju fötunum okkar. Já, eða svona nokkurn veginn. ⁶

⁶ Valborg Ösp Á.Warén, „Vinkonan í ESB“, Fréttablaðið, 15. maí 2012.

Ísland og ESB

Lestu vel yfir greinina.

Evrópusambandið og veruleikinn

Ísland er eitt margra landa sem mynda Norðurálfu. Álfan er ekki eitt land, ekki samofin heild og getur aldrei orðið eitt land þrátt fyrir drauma hugsjónamanna. Löndin eru mörg og hvert öðru ólík. Þau hafa sína eigin menningu, sitt eigið tungumál, jafnvel sína eigin þjóð og sál sem aldrei verður föl.

Fæðing Evrópusambandsins var á sínum tíma fallegur draumur manna sem þráðu frið og efnahagslegan stöðugleika. Þeir ákváðu þó í fyllingu tímans að færa þetta efnahagsbandalag í átt til sambandsríkis, þvert á vilja almennings í aðildarríkjunum.

Evrópusambandið er ekki venjulegt milliríkjasamstarf eins og margir vilja vera láta, vegna þess að ámóta samstarf á milli ríkja fyrirfinnst ekki í sögunni. Fræðimenn þrá að ræða þetta ríkjasamband, deila um það og velta vöngum yfir örlögum þess. Blekkingum er beitt til þess að telja fólki trú um að stjórnsýsla Evrópusambandsins sé góð og stöðug. Sannleikurinn er hins vegar sá að hún er orðin bæði risavaxin og flókin. Stjórnsýsla ESB er pólitísk tímasprengja. Það er ekki spurning um hvort, heldur hvenær hún springur.

Ríkin eiga líka í miklum skuldavanda og hagkerfi evrusvæðisins eru mörg hver í molum. Víða kreppir að í efnahagslífi og þörf er á mjög róttækum aðgerðum til þess að sporna við þeirri sundrunu sem við blasir. Þessar aðgerðir eru okkur ósýnilegar. Þær tillögur sem komið hafa upp á yfirborðið eftir endalausa neyðarfundi leiðtoga evruríkjanna duga skammt. Daglega birtast fréttir af efnahagslegum hörmungum aðildarríkjanna. Þessar fréttir birtast í öllum helstu fjölmiðlum erlendis. Fræðimenn eru margir hættir að lýsa ástandinu eins og það ætti að vera og einbeita sér að því að lýsa því eins og það raunverulega er.

Framtíð ESB er bæði óljós og ógnvekjandi. Það skýtur skökku við að ríkisstjórn Íslands leggi allt undir fyrir aðlögunarferlið á meðan horft er framhjá tækifærum sem bíða þess að verða nýtt. Norðlægar slóðir eru að opnast og viðskipti við umheiminn bíða átekta.

Orkusala, framkvæmdir, framleiðsla á vistvænu eldsneyti og alvöru umræða um lausnir á gjaldmiðilsmálum Íslendinga eru verkefni sem taka þarf á. Stjórnvöld eyða dýrmætum tíma og kasta tækifærum á glæ. Það er því þyngra en tárur taki að vita af mörgum Íslendingum ginnkeyptum fyrir jólapakkarökum aðildarsinna. Þau lýsa sér á þann hátt að fólk er hvatt til þess að hleypa aðlögunarferlinu alla leið til þess eins að sjá í pakkann. Innihald hans kemur í sjálfu sér ekkert á óvart, enda er það Evrópusambandið í öllu sínu óhugnanlega veldi sem stendur til boða, en ekki sérvaldir hlutar þess.

Það er mikilvægt að skoða Evrópusambandið með báða fætur á jörðinni, sjá veruleika þess og fljóta ekki sofandi að feigðarósi. Verum skynsöm og krefjumst þess að stjórnvöld dragi umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til baka.⁷

7 Halldóra Hjaltadóttir, „Evrópusambandið og veruleikinn“ „Morgunblaðið“, 23. jan.2012

Ísland og ESB

Lestu báðar greinarnar hér að framan og leystu eftirfarandi verkefni.

1. Hvaða kosti telur höfundur fram með inngöngu Íslands í ESB í greininni „Vinkonan í ESB?“

2. Hvaða ókosti telur höfundur fram með inngöngu Íslands í ESB í greininni „Evrópusambandið og veruleikinn?“

3. Hvað finnst þér? Finnst þér að Ísland eigi/eigi ekki að ganga í ESB? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

4. Hvaða rök finnst þér mikilvægust til að styðja þína skoðun?

ÍSLAND Í VERÖLD NÚTÍMANS

BLS. 130–137

Markmið

- Skoða tengsl Íslands og alþjóðasamfélagsins.
- Skoða hvernig hnattvæðing hefur áhrif á íslenskt samfélag í dag og hvert við stefnum í framtíðinni.

Kveikja

Láttu nemendur skoða myndina á bls. 130. Hvað segir hún um Ísland í dag? Leiðið umræðuna inn á hugtakið fjölmenningsamfélag. Hvað þýðir það og hvaða áhrif hefur það?

Ísland verður ekki fjölmenningsamfélag eingöngu með því að leyfa erlendu fólki að flytja hingað heldur byggir hugtakið á því að koma útlendinga auðgi menningu okkar. Við eigum að læra af þeim og bæta reynslu þeirra við okkar.

Mikilvæg hugtök

Útrás, útrásarvikingur, Evrópusamstarf, þúsaldarmarkmið, gróðurhúsalofttegundir, flóttafólk, þensla, kreppa og hnattvæðing. Verkefni 1, 5, 6 og 7 henta vel til að æfa þessi hugtök.

Vinna með heimildir

Í verkefni 13 eiga nemendur að velta fyrir sér hvers vegna þeir flóttamenn sem hingað koma þurftu að flýja heimalandið.

Verkmappa

Verkefni 13 og 14 henta vel sem matsverkefni í verkmöppu.

Verkefnablöð

Þjálfaðu hugann – staðreynd eða skoðun

Verkefnablað 29

Nemendur eiga að meta hvort viðkomandi setningar eru staðreyndir eða skoðun og hvort þeir séu sammála þeim.

Dómínó – Ísland í veröld nútímans

Verkefnablað 30

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin.

Flóttafólk

Verkefnablað 31 a, b og c

Nemendur eiga að lesa tvær blaðagreinar þar sem fjallað er um ólík viðhorf til móttöku flóttafólks á Íslandi og mynda sér sína eigin skoðun.

Íslendingar hafa tekið á móti svokölluðum kvótaflóttamönnum frá árinu 1956 með aðstoð Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Kvótaflóttamenn eru flóttamenn sem koma í boði stjórnvalda á grundvelli sérstaks kvóta sem stjórnvöld ákveða. Einstaklingur sem fær stöðu flóttamanns nýtur verndar og tiltekinna réttinda í hælislandinu. Þeir flóttamannahópar sem stjórnvöld ákveða að taka á móti fá

ýmsa aðstoð til að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.

Einnig koma á hverju ári einstaklingar og sækja um hæli hér á landi „á eigin vegum“, þ.e. þeir koma hingað til lands og sækja um viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamenn, án aðstoðar Flóttamanna- stofnunar Sameinuðu þjóðanna. Margir hælisleitendur hverfa af landi brott áður en umsókn þeirra er afgreidd en einnig er mörgum vísað úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðar. En hún felur í sér rétt til að endursenda hælisleitendur til þeirra ríkja þar sem þeir áttu hælisumsókn áður eða til þeirra ríkja sem þeir komu frá áður en leið þeirra lá til Íslands.

Frekari upplýsingar um hælisleitendur og flóttamenn má finna á vef Útlendingastofnunar www.utl.is

Ólíkar hliðar hnattvæðingarinnar

Verkefnablað 32

Nemendur eiga að vinna í hópum. Þeir eiga að flokka spjöldin sem lýsa ólíkum hliðum hnattvæðingar og ræða hvað er jákvætt og neikvætt og að hvaða hluta þetta snertir þau sjálf.

Ísland í veröld nútímans.

Verkefnablað 33

Nemendur eiga að rifja upp kunnáttu sína úr kaflanum Ísland og umheimurinn á bls. 59–69. Gott er að leyfa þeim að lesa yfir kaflann áður en þeir byrja á verkefninu. Verkefnið hentar vel sem hóp-eða paravinna. Nemendur velja sér spurningar til að svara. Spurningar gefa ákveðinn fjölda stiga en fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjölda í lokinn. Þetta verkefni hentar vel til upprifjunar á náms- efninu.

Ísland í veröld nútímans

Þjálfðu hugann – staðreynd eða skoðun

Hér fyrir neðan eru nokkrar setningar sem annaðhvort eru staðreyndir eða skoðun. Það þýðir að þá er ekki gengið út frá því að fullyrðingin sé rétt eða röng. Heldur er hún túlkun á skoðun persónunnar og þannig getur þú verið sammála eða ekki. Finndu út hvaða setningar eru staðreyndir eða skoðanir. Ef þú telur að setningin sé skoðun skrifar þú fyrir aftan hvort þú ert sammála eða ekki.

1. Hnattvæðing er hugtak yfir margbrotið og flókið ferli sem hefur áhrif á flest öll svið mannlífsins.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

2. Hnattvæðing stuðlar oft að aukinni þjóðernishyggju.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

3. Um aldamótin 2000 jókst mjög eftirspurn eftir vinnuafli á Íslandi, einkum vegna byggingarframkvæmda. Þá þurfti mikið erlent vinnuafli.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

4. Mikið erlent vinnuafli skapar atvinnuleysi hjá Íslendingum.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

5. Útrásarvíkingarnir fjármögnuðu útrásina með lánum hjá innlendum og erlendum bönkum.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

6. Útrásin byggðist á hæfni og getu, þjálfun og þroska sem einstaklingar hafa hlotið og samtakamætti sem löngum hefur verið styrkur okkar Íslendinga.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

7. Það sem veldur hækkun á hitastigi jarðar er aukning á styrk svokallaðra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

8. Það sem einkennir helst kreppu er ógurlegt verðfall á gjaldmiðlum, fjöldauppsagnir og greiðsluferfiðleikar fyrirtækja og almennings.	
Staðreynd/skoðun	Ef það er skoðun: sammála/ósammála

Dómínó – Ísland í veröld nútímans

Klippið niður og dreifið spjöldunum

Hnattvæðing Eigendur fyrirtækja sem keyptu miklar eignir erlendis, fjármagnað með lánum.	GATT Haustið 2008	Palestínukonur Bannaður innflutningur á ákveðinni vöru eða vörflokkum.
Loftlagsbreytingar Hópur flóttamanna sem kom til Íslands 2008.	Útrás Verðlaun veitt einstaklingum eða samtökum sem hafa unnið að friði.	Al Gore Of mikil framleiðsla og of mikið af peningum í umferð.
Pensla Miklar breytingar og ógnun á lífskjörum mikils hluta mannkyns.	Þúsaldar-yfirlýsingin Kosovo-Albanar.	Sigríður Víðis Jónsdóttir Ríki skuldbinda sig meðal annars til að fækka þeim sem búa við sára fáttækt.
Gróðurhúsaáhrif Bókin Ríkisfang: Ekkert	Hrun íslenska bankakerfisins Fyrirverandi varaforseti Bandaríkjanna.	Útrásarvíkingur Loftslagið hlýnar vegna brennslu ákveðinna lofttegunda sem safnast fyrir í lofthjúpnem.
Xhyla Doshlaku og Tafil Zogni Heimurinn minnkar og tengslin milli ólíkra heimshluta eflast.	Innflutningsbann Alþjóðleg samtök um að auka frelsi í millilandaverslun.	Friðarverðlaun Nóbels Fyrirtæki fóru að kaupa fyrirtæki erlendis í stórum stíl með lánum frá íslenskum og erlendum bönkum.

Flóttafólk

Heimild 1

Þurfum að gera betur varðandi flóttafólk

Flóttamannanefnd velferðarráðuneytisins vonast til þess að geta tekið á móti svokölluðu kvótaflóttafólki hingað til lands í byrjun næsta árs. Ekki hefur verið tekið á móti neinum árið 2009 eða í ár [2011], en sex kólumbískir flóttamenn fengu hér aðstoð í fyrra. Hugtakið kvótaflóttamaður vísar til þess ákveðna fjölda sem boðið er til landa samkvæmt mati Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.⁸

Fram á við í móttöku flóttamanna

„Flóttamaður er manneskja sem flúið hefur eigið land og er ofsótt vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, félagsstarfa eða stjórnmálaskoðana. Hvort sem flóttinn er vegna stríðsástands eða ofsókna þá á hún að öllum líkindum ekki afturkvæmt og litla möguleika á því að lifa frjáls og óttalaus við núverandi aðstæður.

Flóttamaður getur einnig verið ríkisfanglaus. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna metur neyð fólks og forgangsraðar og á hverju ári kemur ákall frá stofnuninni til alþjóðasamfélagsins og þar með til Íslands um að taka á móti flóttafólki. Þrátt fyrir að reynt sé að gæta öryggis fólks í flóttamannabúðum þá búa alltof margir við hörmulegar aðstæður og við stöðugan ótta. Helsta von fólks er að vera boðin vernd í nýju landi....Móttaka kvótaflóttamanna á að vera ofarlega í forgangsraðinni því Ísland er mjög vel í stakk búið að taka á móti flóttafólki. Það er slæmur siður að horfa eingöngu á efnahagslega burði og ávinning af hinu og þessu. Samfélagslegir burðir eru svo sannarlega til staðar á Íslandi. Hér er nægjanlegt landrými, vatn og fæða og undirstöður samfélagsins eru sterkar. Móttökuferlið á Íslandi hefur þótt til fyrirmyndar á margan hátt. Það að vera sjálfstæð þjóð snýst ekki síst um að taka ábyrgð og vera fullorðin í samfélagi þjóðanna. Einn flóttamaður án vonar er einum of mikið.“⁹

516 Flóttamenn á ári frá árinu 1956

Ísland hefur frá árinu 1956 tekið á móti 516 flóttamönnum sem komið hafa á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stærsti hópurinn 52 einstaklingar, komu frá Ungverjalandi árið 1956. Flestir hafa komið frá löndum fyrrum Júgóslavíu. Á árunum 1979, 1990 og 1991 komu 94 frá Víetnam. Í fyrra var tekið á móti sex manns frá Kólumbíu, en engir hafa komið það sem af er ári og heldur ekki árið 2009. Algengast hefur verið að móttökusveitarfélagið sé Reykjavík, en einnig hefur verið tekið á móti flóttafólki á Ísafirði, Hornafirði, Blöndósi, Hafnarfirði, Fjarðabyggð, Dalvík, Siglufirði, Reykjanesbæ, Akureyri og Akranesi.

Heimild: Velferðarráðuneytið.

⁸ Fréttablaðið, 11. árg. 258. tölublað (4.11.2011), bls. 6

⁹ Íris Björg Kristjánsdóttir, „Fram á við í móttöku flóttamanna“, Fréttablaðið, 11. árg. 258 tölublað (16.11.2011), bls. 12.

Flóttafólk

Heimild 2

Flóttamenn

Nýleg grein formanns innflytjendaráðs og flóttamannanefndar um flóttamenn er furðuleg smíð og skín þar í gegn barnaleg einfaldni og dómgreindarskortur. Hún segir að hér á landi sé nægjanlegt landrými, vatn og fæða til að flytja inn flóttamenn í stórum stíl og er þá væntanlega að tala um tugþúsundir flóttamanna eða kannski hundruð þúsunda. Þá þarf að byggja nýja bæi og úthverfi og byrja strax. Nú, og hefja stórfellda skattheimtu til að borga brúsann.

Það er nú svo með þessa flóttamenn að þeir eru eins og hafið. Að flytja inn flóttamenn í stórum stíl og ætla sér að bjarga einhverju vandamáli þar með er eins og að ætla sér að ausa burt sjónum með teskeið. Það er sama hve ausið er, það bætast sifellt fleiri flóttamenn við, bæði alvöru flóttamenn og allir þeir sem vilja flýja fátækt og félagslegt óréttlæti. Þeir eru taldir í hundruðum milljóna og líklega miklu meir. Ég legg til að haldið verði þjóðaratkvæði til að athuga hvort draumsýn áðurnefnds formanns á sér hylli meðal þjóðarinnar.

Vandamálin aukast hjá okkur við stórfelldan innflutning flóttafólks en minnka ekkert í löndum fátæktar, stríðs og volæðis. Það er til fólk og samtök sem berjast fyrir því að flutningur fólks til Íslands og annarra Evrópulanda sé algjörlega frjáls. Sumt af þessu fólki virðist líta svo á að þjóðfélög eins og okkar séu gerspíllt auðvaldsþjóðfélög og best sé að brjóta þau niður með stórfelldum innflutningi flóttamanna.

Ég legg til að áðurnefndur formaður og aðrir hjálparandar starfi í viðkomandi löndum og flóttamannabúðum og hjálpi fólki á staðnum í stað þess að reyna sitt ýtrasta til að íþyngja íslenskum skattborgurum og þjóðfélagi með stórfelldum innflutningi flóttamanna.

Kostnaður þjóðfélagsins við að hjálpa einum flóttamanni er mikill. Þessum peningum er betur varið við að hjálpa konum, börnum og öðrum sem minna mega sín í viðkomandi landi. Fyrir sama pening er kannski hægt að hjálpa hundruðum manna heima hjá sér.¹⁰

¹⁰ Einar Gunnar Birgisson, „Flóttamenn“, Fréttablaðið, 11. árg. 270 tölublað (18.11.2011), bls. 28.

Flóttafólk

Lestu vel yfir greinarnar hér að framan og leystu eftirfarandi verkefni.

1. Hvaða viðhorf til móttöku flóttafólks koma fram í heimild 1 hér að framan?

2. Hvað viðhorf til móttöku flóttafólks koma fram í heimild 2 hér að framan?

3. Hvað finnst þér? Rökstyddu þína skoðun.

4. Skoðaðu úrklippuna í heimild 1 um fjölda flóttafólks á Íslandi. Hvernig finnst þér við hafa staðið okkur? Getum við gert betur eða er nóg komið? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Ólíkar hliðar hnattvæðingar

Á spjöldunum er lýst ólíkum hliðum hnattvæðingar. Vinnið saman í 3–4 í hóp.

1. Flokkið spjöldin í tvo flokka eftir því hvort þau lýsa jákvæðum eða neikvæðum hliðum hnattvæðingar. Ræðið hvað ykkur finnst um hnattvæðinguna, hvað er jákvæðast og hvað er neikvæðast.
2. Á hvern hátt hefur hnattvæðingin áhrif á ykkur sjálf? Flokkið spjöldin eftir því hve mikið lýsingin á þeim hefur áhrif á ykkar eigið líf. Þið getið skipt þeim í þrjá flokka:
 - a. Hefur mikil áhrif á okkur
 - b. Hefur lítil áhrif á okkur
 - c. Hefur engin áhrif á okkur

Á Íslandi getum við keypt ódýr fót sem eru framleidd í fátækum löndum.	Víðast þar sem ferðumst um heiminn getum við borðað McDonald's og drukkið Coca-Cola.	Þegar þurrkar eyðileggja uppskeruna í Ástralíu, hefur það í för með sér hækkun á verði á korni alls staðar í heiminum.
Við getum valið milli fjölda tegunda ávaxta og grænmetis allt árið sem eru framleiddar í ólíkum löndum.	Alþjóðlegar skuldbindingar, einkum í gegnum Sameinuðu þjóðirnar, hafa átt sinn þátt í að leysa eða draga úr árekstrum víða um heim.	Hafi maður aðgang að netinu, getur maður setið og lesið íslensk dagblöð hvar sem er í heiminum.
Stór fyrirtæki flytja gjarnan framleiðslu sína á vörum til þeirra landa þar sem launin eru lægst.	Ný samskiptatækni hefur gert það erfiðara fyrir einræðisherra að stjórna upplýsingaflæðinu inn og út úr landinu.	Alþjóða vinnumarkaðurinn hefur leitt til þess að fjöldi farandverkamanna hefur komið til Íslands.
Mörg fyrirtæki flytja mengandi framleiðslu til fátækra landa þar sem reglurnar um losun mengandi efna í andrúmsloftið eru ekki jafn strangar og heima fyrir.	Íslensk íþróttafélög geta keypt erlenda leikmenn á lægra verði en íslenska.	Bandarísk skólabörn fá hjálp við heimanámið af einkakennurum á Indlandi í gegnum netið.

Ísland í veröld nútímans

Notaðu töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu þína úr kaflanum *Ísland í veröld nútímans* bls. 130–137. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningum sem þið völduð farið þið yfir svörin með hjálp námsbókar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjölda í lokin.**

Efni	Flóttamenn á Íslandi	Umhverfismál	Útrásin	Framtíðin
Þyngdarstig 1 10 stig	Hver er ástæðan fyrir því að fólk flýr heimaland sitt?	Hvers vegna er auðvelt að framleiða hreina orku á Íslandi?	Hvað er útrás?	Hve stór hluti mannkyns bjó enn við fátækt um aldamótin 2000?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvers vegna er frekar lítið um ólöglega flóttamenn á Íslandi?	Hvaða áhrif hefur hlýnun loftslagsins á jörðina?	Hvað er lcesave?	Hvað eru þúsaldar-markmið?
Þyngdarstig 3 30 stig	Hvenær var fyrst tekið á móti hópi flóttamanna á Íslandi?	Hvers vegna brennum við frekar mikilli orku þrátt fyrir alla hreinu orkuna sem við höfum?	Hvað er það sem kemur kreppu af stað?	Hvert er markmið Sameinuðu þjóðanna fyrir 2015?
Þyngdarstig 4 40 stig	Hvenær geta flóttamenn sótt um íslenskan ríkisborgararétt?	Hvað eru gróðurhúsaáhrif?	Hvaða áhrif hefur þensla á efnahagslífið?	Hver er Ban Ki-Moon?